

**SKOÐUN** Gísli Már Gíslason skrifar um Þjórsárver og blekkingar. 16



**MENNING** Íris Stefanía Skúladóttir hannar lógó fyrir norska Eurovision-keppandann Josefin Winther. 30



**SPORT** Hermann Hreiðarsson og David James ætla að þjálfa áfram saman og bíða eftir tækifærinu. 26




FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
29. janúar 2014
24. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

## MARKAÐURINN



### Eftirsóttir þörungar

Skarphéðinn Orri Björnsson, framkvæmdastjóri Algalífs, skrifaði í gær undir fjárfestingarsamning vegna örþörungaverksmiðju í Reykjanesbæ. Verksmiðjan mun kosta um tvo milljarða króna.

## FRÉTTIR

### Ekki á vísan að róa

Með hverjum degi sem líður dofna vonir um góða loðnuvertíð. Lítið finnst af loðnu. Leit á vegum Hafrannsóknarstofnunar geldur fyrir fjárskort 4

**Borgar ekki fyrir sjóðstjóra** Kópavogsbær neitar að greiða sakarkostnað fyrrverandi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs starfsmanna bæjarins 8




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | A | 5 |
| Akureyri | -3° | | A | 3 |
| Egilsstaðir | 0° | | N | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | A | 5 |
| Reykjavík | 0° | | SA | 4 |

**VÍÐA LÉTTSKÝJAÐ** Í dag verða víðast austan 3-8 m/s en bætir smám saman í vind er líður á daginn. Léttskýjað einkum syðra en snjókoma eða slydda eystra. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Undanþágur kosta fyrirtæki og Seðlabanka 1,5 milljarða

Áætla má beinan kostnað vegna beiðna fyrirtækja um undanþágur frá höftum. Frá og með 2009 hafa um 3.700 fyrirtæki sótt um undanþágu. Erfitt er að setja mælistiku á kostnað þjóðfélagsins við viðvarandi höft.

**EFNAHAGSMÁL** Torvelt er að setja verðmiða á kostnaðinn við gjaldeyrishöft. Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor segir hann þó kunna að vera minni en margur kynni að ætla því lönd lagi sig „merkilega vel“ að höftum.

Mælistika verður illa lögð á glötuð tækifæri. Með framreikningi er hins vegar hægt að leggja mat á beinan kostnað fyrirtækja og Seðlabanka Íslands við veitingu undanþága frá höftum.

Ef bara er litið til umsókna sem fengið hafa afgreiðslu Seðlabankans frá árinu 2009 til og með síðasta ári má ætla að beinn kostnaður nemi yfir einum og hálfum milljarði króna. Er þá gengið út frá því að beinn kostnaður við hverja umsókn nemi rúmum 412 þúsund krónum.

Dæmi eru engu að síður um töluvert meiri kostnað, líkt og dregið var fram í skýrslu sem Viðskiptaráð Íslands vann í árslok 2011. Þar var bent á að sprotafyrirtækið Clara, sem í fyrra var selt Jive Software í Bandaríkjunum á rúman milljarð, hafi birt kostnaðinn við að fá millifærslu á einum Bandaríkjadal, sem þurfti til að stofna dótturfyrirtæki í Bandaríkjunum. Þar kom fram að tími Clöru var reiknaður 15 klukkustundir, 20 klukkustundir fóru í lögfræðing, og tvær í skjalaþýðingu. Á þeim tíma mat fyrirtækið kostnaðinn á 750 þúsund krónur, sem framreiknað miðað við vísitölu neysluverðs nemur rétt tæpum 814 þúsund krónum.

Í ársskýrslum Seðlabankans má sjá að árin 2009 til 2012 voru afgreiddar 2.850 umsóknir, ýmist með heimild, synjun, synjun að hluta eða með öðrum hætti. Þau svör fengust hins vegar hjá bankanum að tölur síðasta árs yrðu ekki birtar fyrr en í ársreikningi í mars. **- óká / sjá Markaðinn**

### Verðmiði settur á undanþágur frá höftum

| Kostnaðarliður | Klst. | Kr. á klst. | Upphæð |
|---|---|---|---|
| Tími fyrirtækis | 15 | 10.855 | 162.825 kr. |
| Tími ráðgjafa | 10 | 16.280 | 162.800 kr. |
| Tími Seðlabankans | 5 | 10.855 | 54.275 kr. |
| Þýðingar / skjalakostnaður | | | 32.560 kr. |
| **Kostnaður við hverja beiðni** | | | **412.460 kr.** |
| **Afgreiddar beiðnir 2009-2013*** | | | **3.679** |
| **Samtals beinn kostnaður** | | | **1.517.440.340 kr.** |

*Fjöldi beiðna árið 2013 áætlaður miðað við meðaltal 2011/2012. Heimild: Framreiknaðar tölur úr skýrslu Viðskiptaráðs, Gjaldeyrishöftin: kostnaður og efnahagsleg áhrif, nóv. 2011.*




**SAMVINNA** Þau koma sér vel, rúmin níu sem Konukot fékk afhent í gær frá kvenfélaginu Silfri og Röddinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÖFLUGAR** Systurnar Þuríður Erla og Lilja Lind Helgadætur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslenskar lyftingakonur:

## Systurnar settu báðar met

**LYFTINGAR** „Ætli þetta sé ekki eitthvað í genunum og svo höfum við báðar metnaðinn fyrir þessu,“ segir Þuríður Erla Helgadóttir en hún og litla systir hennar, Lilja Lind Helgadóttir, unnu báðar sína þyngdarflokka á RIG um síðustu helgi og slógu báðar Íslandsmet.

Það er ekki nóg með að þær séu báðar á fullu í sportinu heldur gefur móðir þeirra, Guðrún Sólveig Sigurgrímsdóttir, dætrum sínum ekkert eftir. **- óój / sjá síðu 26**




Persónuvernd segir kröfu Fljótsdalshéraðs um þvagprufur andstæða lögum:

# Kröfðust þvagsýna fyrir aðstoð

**FÉLAGSMÁL** „Hugsunin með þessu er að aðstoða fólk sem komið er í bullandi vanda,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, sem Persónuvernd hefur nú úrskurðað að hafi verið óheimilt að krefjast þess af umsækjanda um fjárhagsaðstoð að hann veitti þvagsýni.

Persónuvernd segir framkvæmdina brjóta gegn lögum um persónuvernd. Reglur um fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélagsins kveða á um að heimilt sé að synja umsækjendum um fjárhagsaðstoð séu þeir í neyslu áfengis eða annarra vímuefna.

Björn segir úrskurðinn koma á óvart. „Reglurnar kalla eftir að fólk sé samstarfsfúst,“ segir bæjarstjórinn. „Síðan hefur það snúist um að viðkomandi hafa ekki talið að þeir séu í neinum vanda og þá hefur okkar fólk farið fram á að hægt sé að sannreyna það. Þetta var unnið í góðri trú en að sjálfsögðu munum við taka þetta til endurskoðunar.“ **- eh**

> **Reglurnar kalla eftir að fólk sé samstarfsfúst.**
>
> *Björn Ingimarsson*
> *bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.*






## SPURNING DAGSINS



Karen, heldur þú að þið getið ekki lært eitthvað á þessu verkfalli?

**„Nei, en við vonum að þetta verk muni ekki valda falli.“**

Karen Björk Eyþórsdóttir, forseti Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð, telur kennaraverkfall í framhaldsskólum blasa við.

Evrópusambandið býður Íslendingum og Færeyingum tólf prósent kvótans:

# Damanaki setur úrslitakosti í makríldeilu

**SJÁVARÚTVEGUR** Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins, hefur sett Færeyingum og Íslendingum úrslitakost í makríldeilunni.

Hún býður þessum tveimur ríkjum hvoru um sig tólf prósent af 890 þúsund tonna makrílkvóta, en Norðmenn eiga að fá 21 prósent, Evrópusambandið 47 prósent en Rússland afganginn.

Þetta kemur fram á vefsíðu þýska tímaritsins Der Spiegel, þar sem Damanaki segir þetta rausnarlegt boð: „Við höfum gert báðum ríkjunum rausnarlegt tilboð. Þetta er gullið tækifæri,“ segir hún í viðtali við Der Spiegel. „Nú er annaðhvort að taka þessu eða hafna því.“

Þetta tilboð á að standa út vikuna: „Ef við komumst ekki að neinu samkomulagi núna þá munum við aðeins ræða við Norðmenn áfram,“ segir hún.

Hún segir útilokað að stækka kvótann enn frekar, umfram þau 890 þúsund tonn sem nú er áformað að leyfa veiðar á: „Við getum ekki farið út fyrir ráðleggingar vísindamanna, bara til þess að gera öllum til hæfis,“ segir hún. - gb

> **Nú er annaðhvort að taka þessu eða hafna því.**
> *Maria Damanaki*
> *sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins*



**MARIA DAMANAKI** Hún segir tilboðið standa út vikuna. NORDICPHOTOS/AFP



**ELDSVOÐINN** Eldurinn barst stjórnlaust út með nesinu í hvassviðrinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Illa gekk að ráða niðurlögum eldsins í Noregi:

## Tugir húsa urðu eldi að bráð

**NOREGUR Norskum slökkviliðsmönnum gekk illa að ráða niðurlögum elds í Norður-Þrændalögum í gær. Eldurinn hafði þá lagt tvö sjávarþorp að mestu í auðn og þriðja þorpið var illa farið.**

**Tveir bóndabæir í nágrenninu voru í hættu og þurfti að forða þaðan öllum dýrum auk mannfólksins.**

**Eldurinn logaði í gróðri og náði yfir tveggja kílómetra langt svæði á Fosennesi. Hátt í hundrað hús höfðu orðið eldinum að bráð.**

**Þetta er annar stórbruninn í Noregi nú í janúar, en miklir þurrkar hafa verið þar undanfarnar vikur. Hvassviðri í gær gerði það að verkum að nánast ekkert varð ráðið við eldinn.** - gb

Könnun í Noregi:

## Hika við að fara á netið

**NOREGUR** Sextán prósent Norðmanna skoða ekki ákveðin atriði á netinu af ótta við upplýsingasöfnun um netnotkun þeirra. Þetta eru niðurstöður könnunar norska tækniráðsins og persónuverndar sem 1.501 einstaklingur tók þátt í.

Fjórðungur þátttakenda kvaðst hafa haft munnleg samskipti í stað rafrænna þar sem ekki væri vitað hvernig upplýsingarnar yrðu notaðar síðar.

Alls kváðust 46 prósent huga meira að persónuvernd en fyrir tveimur til þremur árum. - ibs

## Ungi maðurinn lést í gærdag

Pilturinn sem lenti í bílslysi á Vesturlandsvegi við Fornahvamm í Norðurárdal lést í gær á gjörgæsludeild Landspítalans. Slysið varð þann 12. janúar síðastliðinn.

Ungi maðurinn hét Skarphéðinn Andri Kristjánsson og var átján ára. Skarphéðinn var ökumaður fólksbifreiðar sem lenti í hörðum árekstri við flutningabifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Anna Jóna Sigurbjörnsdóttir, sextán ára, lést í slysinu. Hún var unnusta Skarphéðins.

# Lögreglu ekki sagt frá mannsláti af lyfjagjöf

Mistök við lyfjagjöf á dvalarheimili urðu þess valdandi að Pétur Pétursson lést. Hann fékk tvítugfaldan skammt af morfínlyfinu Contalgin sem ætlaður var herbergisfélaga. Lögreglu var ekki tilkynnt um mistökin þrátt fyrir lagaskyldu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Pétur Pétursson lést vegna mistaka sem gerð voru við umönnun hans á hjúkrunarheimilinu Garðvangi í Garði nú fyrir áramótin.

Banamein Péturs var rangur lyfjaskammtur, sem ætlaður var herbergisfélaga hans. Í kjölfarið var svo tekin ákvörðun um að gefa Pétri ekki mótefni og lést hann rúmri viku síðar.



**PÉTUR PÉTURSSON**

Pétri var gefið lyfið Contalgin, sem er mjög sterkt morfínlyf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var skammturinn sem hann fékk um tvítugfalt það magn sem manneskja sem ekki hefur byggt upp þol gagnvart lyfinu á að þola.

Starfsmaðurinn sem um ræðir gerði sér strax grein fyrir mistökum sínum og tilkynnti þau til yfirmanna. Pétur var í kjölfarið fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og segja aðstandendur að sjúkraflutningamenn hafi viljað gefa honum mótefni sem var til staðar. Þeir hafi hins vegar fengið tilmæli frá HSS um að gera það ekki. Þurí Jónasdóttir, tengdadóttir Péturs, segir aðstandendur ekki skilja hvers vegna það var ekki gert.

„Það erum við auðvitað ósátt við. HSS mat hann kannski of lélegan eða of gamlan og við spyrjum okkur líka; ef hann hefði verið yngri, ekki 83 ára, hefði þá eitthvað verið gert? Hver var ástæðan fyrir því að ekkert var gert?“ segir Þurí.



**LEITA SVARA** Þurí Jónasdóttir, tengdadóttir Péturs, segir fjölskylduna ósátta við að honum hafi ekki verið gefið mótefni þótt það hafi verið fyrir hendi.

Í lögum um dánarvottorð kemur fram að lækni, sem kvaddur er til líkskoðunar, sé skylt að gera lögreglu viðvart ef ætla má að dauðsfall megi rekja til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð. Fréttablaðið hafði samband við Jóhannes Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjón á Suðurnesjum, en hann kannaðist ekki við málið.

„Okkur hefur ekki borist tilkynning um neitt slíkt,“ sagði Jóhannes.

Málið er nú til skoðunar hjá embætti Landlæknis en Geir Gunnlaugsson landlæknir sagðist ekki geta ekki tjáð sig um einstök mál sem væru til skoðunar hjá embættinu. Hann sagði að þegar óvænt atvik kæmu upp þá væri embættið upplýst um slíkt.

„Viðkomandi heilbrigðisstofnun upplýsir landlækni með greinargerð ef eitthvað hefur óvænt gerst. Síðan skoðum við aðdragandann og bregðumst við á viðeigandi hátt,“ sagði Geir. - eh, hþ




TÓNLEIKAFYRIRLESTUR UM EDVARD MUNCH

FIMMTUDAGINN 30. JANÚAR 2014 KL. 19.30 BJÓÐA LISTASAFN ÍSLANDS OG NORSKA SENDIRÁÐIÐ TIL TÓNLEIKAFYRIRLESTURS UM EDVARD MUNCH Í LISTASAFNI ÍSLANDS.

NORSKA TÓNSKÁLDIÐ, PÍANÓLEIKARINN OG RITHÖFUNDURINN **KETIL BJØRNSTAD** MUN FLYTJA SÖGU LISTAMANNSINS EDVARD MUNCH Í TALI OG TÓNUM Á ENSKU.

TÓNLEIKAFYRIRLESTURINN ER HALDINN Í TILEFNI AF 150 ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI LISTAMANNSINS EDVARDS MUNCH. AÐGANGUR ER ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR.

SÝNINGIN *GERSEMAR – DÝR Í BÚRI* STENDUR TIL 11. MAÍ.

LISTASAFN ÍSLANDS NATIONAL GALLERY OF ICELAND


Skipulagsstofnun staðfesti ekki nýtt aðalskipulag Reykjavíkurborgar:

# Fyrirvara þarf um Vatnsmýrina

**BORGARMÁL** Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur, segir fátt koma á óvart í athugasemdum Skipulagsstofnunar við nýtt aðalskipulag Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun sagðist í gær ekki hafa getað staðfest aðalskipulagið eins og það liggur fyrir. Stærsta athugasemdin lýtur að því að setja þurfi inn í aðalskipulagið fyrirvara um uppbyggingu í Vatnsmýri, sambærilegan við þann fyrirvara sem er í fyrra skipulagi og í núgildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Í viðtali við Stöð 2 í gærkvöld sagði Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, að sá fyrirvari þýði að borgin geti ekki ein lagt niður flugvöllinn heldur þurfi að semja um það við ríkið.



**ÁSDÍS HLÖKK THEODÓRSDÓTTIR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Þegar fyrirvari af þessu tagi er á þá þýðir það í raun að það eru ákveðin stopp í gangi á að það sé hægt að halda áfram með málið yfir á næsta skipulagsstig; að það sé hægt að ganga frá deiliskipulagi og að hægt sé að fara í leyfisveitingar,“ segir Ásdís Hlökk.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Dagur af og frá að þetta þýddi að Skipulagsstofnun hafi hafnað aðalskipulaginu.

„Það er ósköp eðlilegt að hún hafi athugasemdir varðandi lokaframsetninguna, en þær lúta aðallega að orðalagi,“ segir Dagur. „Ég geri ráð fyrir að sérfræðingar okkar þurfi nú að setjast niður á næstu dögum með fólki frá Skipulagsstofnun og fara yfir þessar athugasemdir.“ - gb



**FLUGVÖLLURINN Í VATNSMÝRINNI** Borgin getur ekki ein lagt niður flugvöllinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




SMÁRALIND

Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

## SVONA ERUM VIÐ



**23.000** lítrar af þorrabjór seldust

**fyrstu helgina sem bjórinn var í sölu í ár.**

Það er um 46% aukning frá því í fyrra, þegar 15,7 þúsund lítrar af þorrabjór seldust fyrstu helgina.

*Heimild: ÁTVR*

Smábátasjómenn binda báta sína vegna kvótaleysis í ýsu en Hafró varar við kvótaaukningu:

# Krefjast 5.000 tonna neyðarkvóta í ýsu

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband smábátaeigenda krefst þess að ýsukvóti verði aukinn um fimm þúsund tonn án tafar, svo hægt sé að mæta meðafla við þorskveiði. Kaup á ýsukvóta, til að mæta meðafla, eru svo gott sem vonlaus. Þegar hafa smábátasjómenn neyðst til að hætta veiðum með yfirvofandi atvinnuleysi.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, útskýrði þessa stöðu fyrir atvinnuveganefnd Alþingis á fundi nefndarinnar í gær, þar sem staða sjávarútvegsins var til umfjöllunar.

Örn bætti við að þegar hafa smábátasjómenn þurft að kaupa ýsukvóta til að mæta meðafla fyrir hálfan milljarð króna, og útgerðarkostnaður hefur stóraukist vegna flótta undan ýsu á hefðbundnum krókamiðum, en sjómenn ná vart á hrein þorskmið sem liggja of djúpt fyrir krókabátana.

„Það er óþolandi að þurfa að leita að blettum þar sem eingöngu fæst þorskur, og þetta hefur valdið því að olíukostnaður hefur rokið upp úr öllu valdi," sagði Örn og gagnrýndi Hafrannsóknastofnun hart fyrir ráðgjöf sína í ýsuveiðinni. Sagði hann varfærni Hafró keyra fram úr öllu hófi.

Björn Ævarr Steinarsson, forstöðumaður veiðiráðgjafarsviðs Hafrannsóknastofnunar, sat fundinn en aðspurður aftók hann að ýsukvóti yrði aukinn til að mæta vandræðum sjómanna. Minnti hann á að fimm til sex lélegir ýsuárgangar hefðu mælst á undanförnum árum, og það segði ekki alla söguna þó veiðin væri ágæt og mikið að sjá. **- shá**



**TIL VANDRÆÐA** Fyrirsjáanlegt er að kvóti í ýsu verði skertur, en á sama tíma krefjast sjómenn aukningar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**EYJAFJALLAJÖKULL** Beina þurfti flugi norður fyrir Ísland vegna ösku frá Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikil umferð yfir Íslandi:

## Flogið eins og í eldgosinu 2010

**FLUGMÁL** Hagstæðir háloftavindar yfir norðanverðu Atlantshafi síðastliðinn fimmtudag, urðu til þess að allar aðalflugleiðir milli Evrópu og Ameríku lágu yfir Íslandi, að því er segir í tilkynningu frá Isavia.

„Miklar annir voru í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og þurfti að manna ellefu af fimmtán starfsstöðvum sem er álíka og gerðist í eldgosinu í Eyjafjallajökli þegar beina þurfti allri flugumferð yfir hafið norður fyrir gosstöðina," segir í tilkynningunni. Þar kemur einnig fram að um þriðjungur af heildarumferðinni yfir Atlantshafi sé um íslenska flugstjórnarsvæðið en undanfarna mánuði hafi hlutfallið verið óvenju hátt. **- gar**

Svíþjóðardemókratar:

## Milljónastyrkur út á fölsuð skjöl

**SVÍÞJÓÐ** Flokkurinn Svíþjóðardemókratar sótti um og fékk árið 2010 1,4 milljónir sænskra króna, jafngildi um 25 milljóna íslenskra króna, í styrk frá sænska þinginu vegna kvennahreyfingar sem ekki var til.

Aftonbladet hefur það eftir háttsettum manni innan flokksins að send hafi verið fölsuð fundargerð frá stjórnarfundi kvennahreyfingarinnar sem átti að hafa farið fram áður en sótt var um styrkinn. Samkvæmt heimasíðu kvennahreyfingarinnar var fyrsti ársfundurinn haldinn hálfu ári eftir umsóknina eða í maí 2011. **- ibs**

# Góð vertíð sífellt ólíklegri

Með hverjum deginum sem líður minnka líkur á góðri loðnuvertíð. Ekkert finnst að ráði fyrir norðan land og Hafrannsóknastofnun fer að falla á tíma með mælingu á stofninum, en getur lítið beitt sér vegna fjárskorts.

**SJÁVARÚTVEGUR** Með hverjum deginum sem líður dregur úr líkum á að takist að mæla loðnustofninn og þar af leiðandi yrði nákvæm ráðgjöf til veiða í uppnámi. Ekki er loku fyrir það skotið að göngumynstur loðnunnar verði óhefðbundið; loðnan gangi ekki norður og austur fyrir land þar sem veiðarnar hafa verið mestar undanfarin ár heldur verði um vesturgöngu að ræða. Það skapar sömu vandræði því þá gefst of stuttur tími til mælinga og veiða áður en loðnan hrygnir og drepst.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, útskýrði þessa stöðu fyrir atvinnuveganefnd Alþingis á fundi nefndarinnar í gær, þar sem staða sjávarútvegsins var til umfjöllunar.

Eins kom fram í máli Þorsteins að Hafrannsóknastofnun bíður átekta eftir fréttum frá loðnuveiðiflotanum norður af landinu, en ekkert hefur fundist dögum saman. Rannsóknaskipin hafa ekki sinnt leit nema í sex daga, en fjárheimildir leyfa ekki leit þegar lítið sem ekkert er að frétta. Í þeirri leit fannst aldrei magn af loðnu sem réttlætti mælingu.

Aðeins hafa verið gefnar út heimildir til veiða á 160 þúsund tonnum, og í hlut íslenskra skipa komu um 85 þúsund tonn – en heildarafli á vertíðinni í fyrra var um 400 þúsund tonn. Það er til marks um hversu staðan er óvenjuleg að loðnan er oft gengin upp í fjöru við Suðausturland á tímabilinu frá mánaðamótum janúar/febrúar og fram í miðjan febrúarmánuð. Eftir það gengur hún hratt með strandsjónum til að hrygna á stóru svæði við Suður- og Vesturland.

„En ef loðnan fer ekki að birtast fyrir norðan og austan þá bendir margt til að hún gæti komið vestan að, en það gerðist síðast 2001," sagði Þorsteinn og útskýrði að þá kemur loðnan beint undan ísnum við Grænland mjög seint og fer beint í hrygningu, aðallega fyrir vestan land.

Á fundinum bættust við upplýsingar um að markaðsmál loðnu eru miklum vafa undirorpin, ef hún þá veiðist á annað borð í einhverju verulegu magni – bæði til mjöl- og lýsisframleiðslu auk frystingar loðnu og hrogna. **svavar@frettabladid.is**



**Í HÖFN** Birtingur í heimahöfn í Neskaupstað á síðustu vertíð. Mikil uppgrip tapast hjá fiskvinnslufólki ef fram heldur sem horfir.

MYND/KRISTÍN SVANHVÍT

### Framlög leyfa ekki leit og rannsóknir

Páll Jóhann Pálsson, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði Þorstein af hverju rannsóknaskipunum væri ekki beitt til leitar á loðnu fyrir norðan land, og hvort stofnunin „tímdi ekki" að hjálpa til við loðnuleitina.

Ástæðu þessa útskýrði Þorsteinn með þeirri einföldu staðreynd að í ljósi framlaga til stofnunarinnar væru úthaldsdagar rannsóknaskipanna á starfsáætlun tæplega 200. Á sama tíma eru óskir um notkun á skipunum upp á 400 daga samtals.

„Því er ljóst að það verður að forgangsraða hjá stofnuninni miðað við fjárheimildir," sagði Þorsteinn. „Þetta er gagnrýnivert, ég tek undir það, og ekki sú staða sem við vildum vera í einfaldlega vegna þess að loðnan er bæði mikilvægur veiðistofn en ekki síður sem ein aðalfæða annarra nytjastofna við Ísland," bætti hann við og að á meðan ekki væri hægt að beita skipi til rannsókna væri lítið hægt að læra um það sem er að gerast í stofninum og í hafinu.

➜ Gögn Hagstofu Íslands sýna að útflutningsverðmæti síðustu loðnuvertíðar var rúmir 33 milljarðar; því kosta hver 100 þúsund tonn þjóðarbúið rúmlega átta milljarða miðað við sömu markaðsaðstæður.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**UMHLEYPINGAR** Bætir heldur í vindinn er líður á daginn og í kvöld verður fremur stíf suðaustanátt og þykknar upp syðra. Vestanátt með snjókomu síðdegis á morgun en annars víða rigning eða slydda en úrkomulítið á norðanverðu landinu.




**Á morgun**
5-13 m/s, hvassast við A-ströndina.




**Föstudagur**
8-18 m/s, hvassast SA-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 0° | Gautaborg | -2° | London | 6° | Orlando | 17° | San Francisco | 15° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 4° | Kaupmannahöfn | -2° | Mallorca | 17° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | -4° |
| Berlín | -3° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 19° | New York | -5° | París | 5° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

## Audi A6 Allroad 3.0TDI
**Afsláttur: 1.600.000**

S-tronic, dísil, 204 hö.
Fullt verð: 12.560.000
**KJARAKAUP: 10.960.000**



## VW Golf 1.6TDI
**Afsláttur: 400.000**

Trendline 5 gíra, dísil, 105 hö.
Fullt verð: 3.670.000
**KJARAKAUP: 3.270.000**



## VW Passat 1.4TSI EF
**Afsláttur: 550.000**

Comfortline sjálfskiptur, bensín/metan, 150 hö.
Fullt verð: 4.690.000
**KJARAKAUP: 4.140.000**



## VW up! 1.0MPI
**Afsláttur: 200.000**

Take up! 5 gíra, bensín, 60 hö.
Fullt verð: 2.050.000
**KJARAKAUP: 1.850.000**



## Skoda Octavia
**Afsláttur: 350.000**

1.2 TSI 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 3.790.000
**KJARAKAUP: 3.440.000**



## MMC Pajero 3.2
**Afsláttur: 900.000**

Instyle sjálfskiptur, dísil.
Fullt verð: 10.850.000 **KJARAKAUP: 9.950.000**



## Skoda Rapid
**Afsláttur: 350.000**

1.4 TSI sjálfskiptur, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 3.820.000
**KJARAKAUP: 3.470.000**



## VW Polo 1.2TDI
**Afsláttur: 250.000**

Trendline beinskiptur, dísil, 75 hö.
Fullt verð: 2.640.000
**KJARAKAUP: 2.390.000**



# KJARAKAUP

# Gæðabílar á **einstöku** verði

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi.

Kjarakaup HEKLU standa yfir út janúar, eða á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174.

Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

**Kjarakaup HEKLU nýtast öllum vel!**

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
KJARAKUPUM LÝKUR Á FÖSTUDAG!

**Afsláttur: 500.000**

## VW Jetta 1.4TSI

Highline sjálfskiptur, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 4.130.000
**KJARAKAUP: 3.630.000**



**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.**
Aukabúnaður á ljósmyndum getur verið annar en í auglýstum verðdæmum.
Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði.

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**

HEKLA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Um hversu mörg prósent hefur umsóknum hælisleitenda fjölgað frá 2011?
**2.** Hvað er há upphæð í verkfallssjóði Kennarasambandsins?
**3.** Hvaða sveitarstjórn vill varaflugvöll fyrir millilandaflug?

**SVÖR:**
**1.** 130 prósent.
**2.** 1400 milljónir króna.
**3.** Sveitarstjórn Skagafjarðar.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Alþingismaður spyr um ferðalög forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirspurn um forsetann:

## Hver borgaði ferðir forseta?

**STJÓRNMÁL** Svandís Svavarsdóttir, alþingimaður VG, hefur lagt fram fyrirspurn á þingi um utanlandsferðir Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands á árinu 2013.

Svandís vill fá upplýst hversu marga daga forsetinn var erlendis og hversu margar utanferðir voru opinberar og hversu margar í einkaerindum. Hún spyr um kostnað og hver hafi greitt hann sundurliðað eftir embætti forsetans, forsetanum sjálfum, ríkjum sem hann heimsótti og einkaðilum sem hún vill þá vita og af hvaða tilefni buðu forsetanum. Þá er spurt um kostnað forsetaembættisins vegna ferða eiginkonu forsetans, Dorrit Moussaieff. - gar

Uppsafnaður vandi í fjósi:

## Vindgangur olli sprengingunni

**ÞÝSKALAND, AP** Töluverð sprenging varð í fjósi einu í Rasdorf í Þýskalandi í gær. Svo virðist sem vindgangur úr kúm hafi valdið sprengingunni.

Þakið á fjósinu skemmdist nokkuð og ein kýr fékk brunasár, en annað tjón varð ekki.

Að sögn lögreglu eru 90 kýr í fjósinu, og hafði metangas safnast þar upp vegna vindgangs úr kúnum. Lítill neisti frá stöðurafmagni hafi svo nægt til að sprengingin varð.

- gb

# Innflytjendum býðst helst íslenskukennsla og túlkun

Hlutfall innflytjenda á Íslandi hefur aukist mikið undanfarin ár og samkvæmt opinberum tölum telja innflytjendur víða hátt í tuttugu prósent íbúa. Engin sveitarfélaganna sem Fréttablaðið hafði samband við hafði mótað stefnu í málaflokknum og voru verkefni þeirra að mestu bundin við túlkun og íslenskukennslu.




**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Af tíu sveitarfélögum, þar sem hlutfall innflytjenda er hæst, hefur ekkert mótað stefnu í málefnum innflytjenda. Verkefni sveitarfélaganna í málaflokknum eru nær eingöngu bundin við lögbundin verkefni á borð við túlkaþjónustu í leikskólum og skólum, auk sérkennslu og íslenskukennslu. Bæjarstarfsmenn sem tala algeng tungumál innflytjenda aðstoða við hin ýmsu mál.

Hlutfall innflytjenda hefur farið vaxandi á Íslandi undanfarin ár og er nú 6,7 prósent fyrir landið allt. Í sumum sveitarfélögum er hlutfallið þó mun hærra.

„Það er feiknahátt hlutfall erlends verkafólks hér í sveit,“ segir Guðbjartur Gunnarsson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps. Þar er hlutfall erlendra borgara hæst á landinu, eða 30 prósent.

Guðbjartur segir sveitarfélagið ekki sinna málaflokknum sérstaklega, en að skólinn sæki til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna aðstoðar við börn af erlendum uppruna. Skólastjóri Laugargerðisskóla segir lítið fást frá sjóðnum.

„Það væri æskilegt ef hægt væri að gera meira. Við höfum fengið túlkaþjónustu á tveimur tungumálum, en ég notfæri mér líka eldri nemendur til þess að þýða blöð og slíkt,“ segir Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri.

Í Sandgerði er þriðja hæsta hlutfall innflytjenda á landinu.

„Við höfum gert ýmislegt til að auðvelda aðlögum fólks af erlendum uppruna í leik- og grunnskólanum, en það er engin yfirlýst stefna. Það væri ekki óeðlilegt að hafa hana,“ segir Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerði. Í skólum bæjarins eru nú um fimmtán til tuttugu prósent barnanna af erlendum uppruna.

Í Sandgerði hefur verið hugað að þátttöku innflytjenda í bæjarmálum, en þó með litlum árangri. „Við höfum leitað að fólki í nefndir, en það er ekki mikið um það og við vitum að þær endurspegla ekki fjölbreytileika samfélagsins. Við erum þó meðvituð um mikilvægi þess að raddir sem flestra heyrist,“ segir Sigrún. Hún segist ekki kunna skýringu á lítilli þátttöku innflytjenda.

Flest sveitarfélaganna eru fámenn og hafa ekki sérstaka starfsmenn sem sinna málaflokknum. Margir nefndu að mikil hjálp væri í bæjarstarfsmönnum sem tala algengustu tungumál innflytjenda.

„Það er gríðarlegur akkur í því og hefur létt mikið undir. Hann fer hiklaust út fyrir sitt svið og hjálpar þeim sem þurfa á hjálp að halda,“ segir Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavíkurhrepps, um ferða- og menningarfulltrúa bæjarins sem er pólskumælandi.

Þjónusta við fullorðna innflytjendur eru helst námskeið í íslensku. Eingöngu í tveimur sveitarfélögum af þeim sem Fréttablaðið ræddi við hafði verið unnið markvisst að nýjum verkefnum á þessu sviði. Í Langanesbyggð var nýverið stofnað fjölmenningarfélag.

„Markmið félagsins er að leggja áherslu á það sem við eigum öll sameiginlegt, alveg sama hvaðan við komum,“ segir Hilma Steinarsdóttir, grunnskólakennari á Þórshöfn, en hún stýrði einnig þróunarverkefni á vegum sveitarfélagsins á síðasta ári sem miðaði að því að auka stuðning við nemendur og foreldra af erlendum uppruna.

eva@frettabladid.is

> **Við höfum gert ýmislegt til að auðvelda aðlögum fólks af erlendum uppruna í leik- og grunnskólanumm, en það er engin yfirlýst stefna. Það væri ekki óeðlilegt að hafa hana.**
>
> *Sigrún Árnadóttir bæjarstjóri í Sandgerði*

weber Hágæða flotefni í Múrbúðinni

Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm 2.495
Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm 3.795
Weberfloor 4310 Trefjastyrkt flotefni 5-50mm 2.795
Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot 5.690
Weberfloor 4350 Flotefni fyrir 20-80 mm 2.190
Deka Acryl grunnur 1kg 1.225 5kg 4.590

Munið 5% Pallaafsláttinn
Leitið tilboða í meira magn.
MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |
| Akureyri | Óseyri 1. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-14 |

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# ÚTSALA

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Í FATNAÐI OG SKÓM MEÐ

# 70%

## AFSLÆTTI

### VERÐDÆMI

| upphaflegt verð | verð með 70% afslætti | upphaflegt verð | verð með 70% afslætti |
|---|---|---|---|
| ~~999~~ | 300 | ~~3.999~~ | 1.200 |
| ~~1.999~~ | 600 | ~~4.999~~ | 1.500 |
| ~~2.499~~ | 750 | ~~5.999~~ | 1.800 |
| ~~2.999~~ | 900 | ~~6.999~~ | 2.100 |
| ~~3.499~~ | 1.050 | ~~8.999~~ | 2.700 |

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

Sænskir jafnaðarmenn:

## Engar bætur ef námi er hætt

**SVÍPJÓÐ** Sá sem ekki er reiðubúinn að ljúka framhaldsskóla á ekki að fá félagslegar bætur. Þetta er ein af tillögum sænskra jafnaðarmanna til að draga úr brotthvarfi úr framhaldsskóla og fjölga í starfstengdu námi.

Þingmaðurinn Ibrahim Baylan krefst þess að framhaldsskólinn verði skyldunám og að allt framhaldsskólanám veiti rétt til inngöngu í háskóla því það muni auka aðsókn í verknám.

- ibs

Strætó gefur Brunavörnum Árnessýslu gamlan strætisvagn sem nýtist í björgunaræfingum:

# Búa sig undir stórt rútuslys á Suðurlandi

**BJÖRGUNARSTARF** Brunavarnir Árnessýslu efla viðbúnað fyrir stór rútuslys og nota gamlan strætisvagn til undirbúnings sem Strætó bs. afhenti að gjöf í síðustu viku.

„Við höfum miklar áhyggjur af rútuumferðinni hér í Árnessýslu, en hún er gríðarleg. Við þurfum að búa okkur undir að stórt slys verði og því kemur vagninn að góðum notum,“ segir Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri. Á næsta ári er meðal annars fyrirhuguð stór æfing með lögreglu og björgunarsveitarfólki. „Þá munum við fylla vagninn af slösuðu fólki,“ segir Kristján.

Strætó bs. tók tólf nýja vagna í notkun á síðasta ári og enn frekari endurnýjun vagnaflotans er fram undan. Gamlir vagnar eru notaðir í varahluti en Flugbjörgunarsveitinni var afhentur vagn að gjöf í fyrra, sem einnig er nýttur til æfinga.

„Það er gott að geta gefið vagna til þeirra sem vinna jafn óeigingjarnt starf og björgunarsveitir og slökkvilið gera,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

- ebg

> **Við höfum miklar áhyggjur af rútuumferðinni hér í Árnessýslu, en hún er gríðarleg.**
>
> *Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri.*



**AFHENDING** Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri tekur við vagninum frá Reyni Jónssyni, framkvæmdastjóra Strætó. MYND/STRÆTÓ




ÁSDÍS RAGNA EINARSDÓTTIR
grasalæknir
Ásdís hefur um margra ára skeið bætt lífsgæði og heilsu fólks með lífrænum jurtum.

HREINSUN
ORKA
VELLÍÐAN

miðvikudagur
5. feb
3.900 kr.

EINFÖLD OG ÁHRIFARÍK HREINSUN

HREINSANDI JURTIR OG NÁTTÚRUEFNI

Farið verður yfir toxísk efni í fæðu og umhverfi og áhrif þeirra á heilsu okkar.

Við kynnumst afeitrunarferli líkamans og lærum að þekkja einkenni sem kalla á hreinsun.

Hugmyndir að máltíðum yfir daginn og hreinsandi uppskriftir til að styðjast við.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á inga@inga.is

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 – 20:00
Verð 3.900 kr. Námsgögn og uppskriftir eru innifalin.



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979




**Í HÉRAÐSDÓMI** Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, var ásamt framkvæmdastjóra sjóðsins dæmdur til að greiða sekt vegna rangra upplýsinga til Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Borga ekki sakarkostnað sjóðstjórans

**Fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar vildi að bærinn borgaði sakarkostnað vegna dómsmáls þar sem hann var sakfelldur fyrir rangar upplýsingar um lánveitingar til bæjarins.**

**DÓMSMÁL** Kópavogsbær ætlar ekki að verða við ósk fyrrverandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar um að greiða 595 þúsund króna sakarkostnað, sekt og lögfræðiinnheimtu í dómsmáli þar sem framkvæmdastjórinn var sakfelldur.

Í bréfi til Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra rifjar Sigrún Ásta Bragadóttir upp að hún hafi verið framkvæmdastjóri LSK í hruninu haustið 2008. Í umrótinu sem á eftir fylgdi hafi þáverandi stjórn ákveðið að lána Kópavogsbæ fé í formi peningamarkaðslána. Um var að ræða lán upp á allt að einum milljarði króna. Sigrún kveðst hafa fylgt þessari ákvörðun eftir. Það hafi leitt til uppsagnar í starfi, ákæru og síðan dóms í maí 2012.

„Undirrituð var starfsmaður LSK og laut ákvörðun og vilja stjórnar í starfi sínu. Undirrituð hefur vægast sagt orðið fyrir miklum skaða af völdum ákvörðunar þessarar stjórnar og telur fyllilega rétt að Kópavogsbær ábyrgist þennan kostnað sem ábyrgðaraðili sjóðsins,“ skrifar Sigrún bæjarstjóranum.

Bæjarráð vísaði ósk Sigrúnar til umsagnar hjá bæjarlögmanni. Frá embætti hans kom sú niðurstaða að bænum væri ekki skylt að bæta Sigrúnu kostnaðinn vegna málarekstursins á hendur henni.

„Í fyrsta lagi vegna þess að hún er ekki starfsmaður Kópavogsbæjar en í öðru lagi vegna þess að í starfi sínu fyrir LSK fór hún út fyrir umboð sitt,“ segir í umsögninni. Vísað er til þess að Sigrún hafi gefið Fjármálaeftirlitinu rangar upplýsingar.

> **Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er starfsmönnum að sjálfsögðu aðeins skylt að fylgja lögmætum skipunum.**
>
> *Bæjarlögmaður Kópavogs*

„Í forsendum dómsins segir meðal annars að ekki verði litið svo á að umboð sem framkvæmdastjórinn hafði til þess að senda FME upplýsingar, hafi tekið til þess að gefa rangar upplýsingar,“ segir bæjarlögmaður. „Þá má vísa til þess að samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er starfsmönnum að sjálfsögðu aðeins skylt að fylgja lögmætum skipunum yfirmanna sinna.“

Bæjarráð ákvað að fenginni umsögn bæjarlögmanns að hafna beiðni Sigrúnar. Gunnar I. Birgisson, sem var formaður stjórnar LSK á umræddum tíma og sakfelldur fyrir sama brot og Sigrún, mælti með að ósk hennar yrði samþykkt.

„Framkvæmdastjórinn stóð sig afar vel í starfi og stuðlaði meðal annars að því að tap LSK vegna hrunsins var mjög lítið miðað við aðra lífeyrissjóði. Framkvæmdastjórinn hefur verið leiksoppur örlaganna í þessu máli,“ bókaði Gunnar í bæjarráði.

gar@frettabladid.is





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT

DEBENHAMS

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

## GÖTU-MARKAÐUR

HEFST Í DAG
ENN LÆGRA VERÐ

Síðustu forvöð að gera dúndurkaup!

Mikið af vörum komnar á **70%** afslátt!

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Gildir út mánudag

Finndu okkur á facebook

**Opið** til kl. 19:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Viðræður mjakast hægt:

# Brahimi segist vera bjartsýnn

**SVISS, AP** „Enginn er að ganga út, enginn er að hlaupast á brott,“ sagði Lakhdar Brahimi, aðalfulltrúi Sameinuðu þjóðanna í samningaviðræðum Sýrlandsstjórnar og andstæðinga hennar.

Viðræðurnar hófust í síðustu viku en ekkert hefur gengið að fá fulltrúa Sýrlandsstjórnar til að ræða kröfu stjórnarandstæðinga um að Bashar al Assad forseti segi af sér. Brahimi segist þó bjartsýnn og það eitt að menn séu að ræða saman sé góðs viti. - gb

Hörð orðaskipti urðu þegar réttarhöld yfir fyrrverandi forseta Egyptalands hófust í gær í Kaíró:

# Morsi ósáttur við að vera geymdur í búri

**EGYPTALAND, AP** „Hver ert þú? Segðu mér,“ hrópaði Mohammed Morsi, fyrrverandi forseti Egyptalands, að dómaranum í réttarhöldum sem hófust í gær.

Morsi sat þar á bak við rimla í rammgirtu glerbúri, harla ósáttur við sinn hlut og mótmælti hástöfum að þurfa að vera geymdur í sérstöku búri, aðskilinn frá meðsakborningum sínum.

„Gerirðu þér grein fyrir því hvar ég er staddur?“ spurði Morsi dómarann enn fremur, en Sjabaan el Sjami dómari svaraði að bragði: „Ég er yfirmaður sakamáladómstóls Egyptalands.“

Réttarhöldin snúast um flótta Morsis og fleiri liðsmanna Bræðralags múslima úr fangelsi árið 2011, þegar uppreisnin gegn Hosni Mubarak, þáverandi forseta, stóð sem hæst. Auk Morsis er réttað yfir 130 öðrum í þessu máli, þar á meðal nokkrum helstu leiðtogum Bræðralags múslima.

Nokkrir fangaverðir létu lífið þegar hópurinn braust út úr fangelsinu, en Morsi er sakaður um að hafa skipulagt flóttann og morð á fangavörðunum.

Morsi var kosinn forseti í fyrstu lýðræðislegu kosningunum í Egyptalandi, eftir að Mubarak hafði verið steypt af stóli. Herinn í Egyptalandi steypti hins vegar Morsi af stóli síðastliðið sumar og hneppti hann í fangelsi, þar sem hann hefur setið síðan og beðið réttarhalda. - gb



**MORSI Í RÉTTARSALNUM** Mohammed Morsi sást í gær í annað sinn opinberlega frá því hann var hnepptur í fangelsi síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**MÓTMÆLANDI Í KÆNUGARÐI** Mótmælendurnir hafa látið lög um bann við því að nota gasgrímur og hjálma sem vind um eyru þjóta. NORDICPHOTOS/AFP

# Stjórnin gaf að hluta eftir

Mótmælendur í Úkraínu hrósuðu sigri í gær þótt ekki hafi verið orðið við meginkröfu þeirra um afsögn Viktors Janúkovítsj forseta. Mótmælin halda áfram.

**ÚKRAÍNA** Úkraínustjórn lét að nokkru undan kröfum mótmælenda í gær. Míkola Arsenov forsætisráðherra sagði af sér og felld voru úr gildi lög sem torvelda fólki að efna til mótmæla. Einnig bönnuðu þessi lög fólki að bera hjálma og gasgrímur og hertu refsingu við því að raska almannafriði.

„Við höfum fellt niður öll þau lög sem þjóðin öll reis upp á móti,“ sagði úkraínski þingmaðurinn Arsení Jatsenjúk, einn af forystumönnum stjórnarandstöðunnar, og hrósaði sigri.

Viktor Janúkovítsj forseti hefur þó ekki sagt af sér, en afsögn hans er ein helsta krafa mótmælenda.

Þá tekur varaforsætisráðherrann Serhí Arbusov við þangað til ný stjórn hefur verið mynduð, en hann er ekki síður illa liðinn meðal mótmælenda en Arsenov.

Mótmælin hafa staðið yfir frá því í nóvember en efldust um allan helming þegar Janúkovítsj kom hinum umdeildu lögum í gegnum þingið í síðasta mánuði.

Jafnframt hafa kröfur mótmælenda tekið breytingum frá því að snúast einkum um afsögn forsetans yfir í almennari kröfur um minni spillingu, meira lýðræði og meiri virðingu fyrir mannréttindum.

Afsögn forsætisráðherrans virðist engan veginn ætla að verða til þess að mótmælendur dragi sig í hlé. Þvert á móti virðast þeir ætla að halda ótrauðir áfram.

„Stjórnin er hrædd og farin að láta undan. Við eigum að nota þetta tækifæri og halda áfram baráttu okkar fyrir því að skipt verði um stjórnvöld í Úkraínu,“ hafði AP-fréttastofan eftir einum úr röðum mótmælenda, hinum 23 ára gamla Oleg Rúdakov.

gudsteinn@frettabladid.is

## Pútín segist standa við skuldbindingar

„Myndum við endurskoða samkomulag okkar um lán og orku ef stjórnarandstaðan kemst til valda? Nei, það myndum við ekki gera,“ sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseti í Brussel í gær.

Hann var að svara fyrir stefnu Rússlands gagnvart Úkraínu, þar sem hann var staddur á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel.

Hann segir að Rússar myndu standa við allar skuldbindingar sínar gagnvart Úkraínu. Hann viðurkenndi þó, rétt eins og ráðamenn í Evrópusambandinu, að verulegur ágreiningur væri milli þeirra hvað snerti mótmælin í Úkraínu undanfarnar vikur.

Mótmælin þar hófust í nóvember eftir að Viktor Janúkovítsj Úkraínuforseti hætti við að gera samstarfssamning við Evrópusambandið, en sneri sér þess í stað að Rússum og samdi við þá um nánari efnahagstengsl.





• ÚTSALA • ÚTSALA •
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM
30-50% AFSLÁTTUR
Svæðaskipt heilsurúm
90 x 200 cm
Verð frá 69.900.-
Svæðaskipt heilsurúm
160x200 cm
Verð frá 139.200.-
Sérsmíðum heilsurúm
í öllum stærðum.
Dýnur og botna.
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ETHANOL ÖRNUM
VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM




**FLÓÐ** Íbúi í Caixon í Frakklandi virðir fyrir sér vegsummerki eftir þriggja daga úrhelli.







**FUGLAFLENSA** Opinberir starfsmenn í Hong Kong hafa slátrað um 20 þúsund kjúklingum eftir að fuglaflensuveira fannst í innfluttum kjúklingi frá Kína. NORDICPHOTOS/AFP







**HERFERÐ GEGN MÆNUVEIKI** Heilbrigðisstarfsmaður í Jalalabad í Afganistan ásamt börnum. Efnt var til bólusetningarherferðar gegn mænuveiki í landinu.




**TVEIR FORSETAR** Cristina Fernandez de Kirchner heimsótti í vikunni Fidel Castro, fyrrverandi Kúbuforseta, þegar hún sótti leiðtogafund Suður-Ameríkuríkja og ríkja í Karíbahafi.




ix35

Vandaður – fjórhjóladrifinn

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

Hyundai ix35 - Verð: 6.390.000 kr.

Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 6,8 l/100 km*.

Bjóðum vetrardekk og dráttarbeisli með öllum ix35 í takmarkaðan tíma!

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61103

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

PIPAR\TBWA · SÍA · 140282

Gorenje FAGOR

# Útsölulok

## í Rönning

Gerðu frábær kaup á vönduðum heimilistækjum frá Gorenje og Fagor.



Allt að

70%

afsláttur af háfum

Aðeins 3 verð:

30 þús. 40 þús. 50 þús.

Útsölunni lýkur föstudaginn 31. janúar!

Reykjavík
Skútuvogur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnisgata 2
Sími 460 0800

RÖNNING
ronning.is | gorenje.is

Brugðizt við fjölgun hælisleitenda:

# Betri innflytjendastefna

Fyrirhugaðar breytingar á útlendingalögum, sem meðal annars eru hugsaðar til að bregðast við mikilli fjölgun hælisleitenda á Íslandi síðustu tvö ár, eru til mikilla bóta.

Lykilatriðin í frumvarpi innanríkisráðherra eru tvö. Annars vegar að stytta málsmeðferðartíma, þannig að fólk fái svar innan tveggja sólarhringa um hvort það eigi rétt á að sækja um hæli á Íslandi. Lengri tíma getur svo tekið að fá endanlegt svar um hvort viðkomandi fái hæli. Hins vegar verður sett á fót óháð úrskurðarnefnd, skipuð meðal annars fulltrúum mannúðarsamtaka, til að úrskurða um kærur vegna ákvarðana Útlendingastofnunar. Það fyrirkomulag að innanríkisráðuneytið úrskurði um ákvarðanir undirstofnunar sinnar hefur verið gagnrýnt af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindaskrifstofu Íslands.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Eins og rakið var í Fréttablaðinu í gær eru þeir sem bezt þekkja til málefna hælisleitenda á því að þessar breytingar bæti réttaröryggi þeirra. Langur málsmeðferðartími er ómannúðlegur og þar að auki skattgreiðendum dýr. Talsmenn Rauða krossins og Mannréttindaskrifstofunnar fagna þannig frumvarpinu.

Ekki er við því að búast að allar umsóknir um hæli verði samþykktar þótt þessar breytingar séu gerðar. Vafalaust nýta íslenzk stjórnvöld áfram rétt sinn samkvæmt Dyflinnar-reglugerðinni til að senda hælisleitanda aftur til fyrsta viðkomulands síns. Sumir hælisleitendur eru líka fremur efnahagslegir flóttamenn en pólitískir og einstaka er á flótta undan réttvísinni fremur en pólitískum ofsóknum.

Hins vegar var mjög réttur tónn í ræðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þegar hún mælti fyrir frumvarpinu á þingi. Hún lýsti því þar yfir að hlúa ætti betur að þeim sem þyrftu sannanlega á alþjóðlegri vernd að halda gegn ofsóknum, Ísland gæti lagt meira af mörkum til málaflokksins og við ættum að vera „jákvæð gagnvart því að taka inn til landsins þá einstaklinga sem sannarlega þurfa á alþjóðlegri og pólitískri vernd að halda“.

Hanna Birna sagðist jafnframt þeirrar skoðunar að Ísland ætti ekki bara að veita fleiri hæli sem biðja um það hér, heldur fjölga svokölluðum kvótaflóttamönnum, fólki sem hefur viðurkennda stöðu sem flóttamenn og raunverulega þörf fyrir landvist í öðru ríki. Það er merkileg yfirlýsing, því að árum saman hafa íslenzk stjórnvöld lagt skammarlega lítið af mörkum til lausnar hins alþjóðlega flóttamannavanda. Hanna Birna sagði: „Við vitum að við höfum innviði sem geta tekist á við það og við eigum að vera hugrökk hvað þetta varðar.“ Rétt hjá henni.

Loks sagðist innanríkisráðherra þeirrar skoðunar að Ísland ætti almennt að vera opið og umburðarlynt gagnvart innflytjendum og hugsa um þá sem tækifæri fremur en ógn. „Regluverkið á að vera skýrt en við eigum að taka þeim opnum örmum sem vilja búa og starfa hér og vera hluti af samfélagi okkar og eiga rétt á því,“ sagði hún.

Í þessari ræðu innanríkisráðherra má greina drög að betri og mannúðlegri flóttamanna- og innflytjendastefnu en við höfum búið við til þessa. Það lofar góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**TÍSKUVÖRUVERSLUN TIL SÖLU**

Um er að ræða vinsæla verslun sem selur kvenfatnað og fylgihluti.
Góð ársvelta og miklir vaxtamöguleikar í netverslun o.fl.
Verslunin er staðsett miðsvæðis í Reykjavík í leiguhúsnæði sem hefur gott auglýsingargildi.
Traustur leigusali.
Tilvalið fyrir einstaklinga sem vilja skapa sér atvinnu.

**Fyrirtækjasalan Suðurver, Lækjartorgi**
**www.fyrirtaeki.is - Stofnuð 1987**
**Sími: 516-0000 & 516-0001**
**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samtaka þingmenn

Félagar í óformlegum félagsskap jákvæðra á Alþingi bjóða til samkomu í dag þar sem áhugasamir þingmenn geta viðrað skoðanir sínar og skipst á hugmyndum með jákvæðum og uppbyggilegum hætti. Forsprakkar félagsskaparins, þingmennirnir Óttarr Proppé og Þórunn Egilsdóttir, buðu til þessarar sérstöku samkomu við upphaf þingfundar í gær. Svo uppbyggilegt og sammála voru þau að þau fluttu orðrétt sömu boðsræðuna hvort á eftir öðru. Spurning hvort uppátækið hafi átt að slá tóninn fyrir aukna samheldni á Alþingi, en þá gæti reynst erfitt að ákveða hvers ræða skuli endurtekin hér eftir.

### Hlutverk barnsins

Þingmenn sem á eftir komu héldu samt sem áður uppteknum hætti, með einni undantekningu þó. Vilhjálmur Bjarnason vildi bregða sér í hlutverk barnsins og þakka kvenfélaginu Hringnum fyrir óeigingjarnt starf. Lauk hann ræðu sinni á innilegri kveðju: „Elsku Hringskonur, þakka ykkur fyrir.“ Ef til vill er það skref í átt að jákvæðara Alþingi að þingmenn þakki landsmönnum oftar vel unnin störf og sjálfum sér sjaldnar, eða bregði sér jafnvel í hlutverk barnsins.





### Hafi sig hæga

Mörður Árnason gerði heiðarlega tilraun til jákvæðni og benti á að lögreglunni hefði tekist að hafa hendur í hári níu hættulegra glæpamanna og hefði ákæra á hendur þeim verið þingfest fyrir dómi. Sakargiftirnar væru að taka þátt í mótmælum og tjá skoðanir á vegagerð í Gálgahrauni. Jákvæðnitilraun Marðar var þó dæmd til að mistakast, því eins og flestum er kunnugt er þingmaðurinn alls ekki fylgjandi ákærum á hendur hópnum. Velti hann raunar fyrir sér hvort sú hótun fylgdi ákærunum að náttúruverndarsinnar hafi sig framvegis hæga.

eva@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Framsókn ráðalaus í húsnæðismálum

HÚSNÆÐI



**Magnús Már Guðmundsson**
Áhugamaður um uppbyggingu alvöru leigumarkaðar og frambjóðandi í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík

Hún er rýr, Framsóknarskýrslan sem kynnt var í vikunni um húsnæðismál. Þrátt fyrir fögur kosningafyrirheit um afnám verðtryggingarinnar blasir nú við að ekki verði farið í þá vegferð, nema að takmörkuðu leyti. Stuttum níu mánuðum eftir loforðaflauminn hefur Framsóknarflokkurinn nú rekið sig á það sem margoft hefur verið bent á af talsmönnum Samfylkingarinnar: Verðtryggingin er órjúfanlegur hluti af krónuhagkerfinu og verður ekki að fullu afnumin nema með upptöku annars gjaldmiðils.

Í skýrslunni eru engu að síður lagðar fram tillögur „í átt að fullu afnámi verðtryggingar“, sem meðal annars fela í sér að gera verðtryggð lán til lengri tíma en 25 ára óheimil. Það er vandséð hvernig það hjálpar húsnæðiskaupendum að takmarka möguleika þeirra á lánsfjármögnun íbúða, án þess að bjóða upp á eitthvað annað í staðinn. Þeir sem hafa ráð á að taka óverðtryggð lán í dag gera það – bannið breytir engu þar um.

Húsnæðisöryggi

Mun meira máli skiptir hvernig ríkisstjórnin ætlar að tryggja húsnæðisöryggi þeirra sem ekki ráða við þunga greiðslubyrði af óverðtryggðum lánum eða af verðtryggðum lánum til einungis 25 ára. Í því máli skilar ríkisstjórnin svo til auðu. Vissulega er tæpt á hvaða mótvægisaðgerðum væri hægt að beita vegna styttingar lánstímans, en það er hvorki rætt hvað þurfi að gera að lágmarki svo hægt sé að hefja afnám verðtryggingarinnar, né greint frá því hvað slíkar aðgerðir myndu kosta ríkissjóð.

**➜ Snúa þarf frá ofuráherslunni á séreignarstefnuna og byggja upp traustan leigumarkað, sem verður valkostur fyrir alla...**

Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að Reykjavíkurborg taki forystu í húsnæðismálum á höfuðborgarsvæðinu. Snúa þarf frá ofuráherslunni á séreignarstefnuna og byggja upp traustan leigumarkað, sem verður valkostur fyrir alla – líka þá sem ráða ekki við himinháar greiðslur af óverðtryggðum lánum eða verðtryggðum lánum til 25 ára. Aðeins með beinni þátttöku borgarinnar í uppbyggingu leigufélaga sem starfa á almennum markaði tryggjum við skjóta uppbyggingu á leiguíbúðum. Reykjavíkurborg hefur nú þegar lagt fram metnaðarfullar áætlanir um uppbyggingu 2.500–3.000 íbúða og mikilvægt er að þær nái fram að ganga. Fyrir því vil ég beita mér í borgarstjórn Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Gefið með annarri hendinni – tekið með hinni

SAMFÉLAG



**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**
formaður Landssambands eldri borgara

Um áramótin tóku gildi nýjar reglur hjá Sjúkratryggingum um greiðslu á notkun fyrir hin ýmsu hjálpartæki. Nú er það yfirlýst stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra, að stuðla að því að eldri borgarar geti búið heima hjá sér sem lengst. Og vissulega er það líka það sem flestir aldraðir vilja á meðan heilsan leyfir. En þegar heilsan bilar eða fólk fer að finna til öryggisleysis, ekki síst þeir sem búa einir, þá er gott að geta fengið sér ýmislegt sem styrkir búsetuna og hjálpar fólki til sjálfshjálpar. Þar á meðal er að fá sér öryggishnapp sem hægt er að hafa um úlnliðinn, eða í bandi um hálsinn og er til þess ætlaður að geta kallað á hjálp í ýmsum aðstæðum. Nú hafa reglur verið hertar fyrir veitingu styrkja vegna öryggishnapps.

Slíka hnappa er hægt að fá t.d. hjá Securitas eða Öryggismiðstöðinni. Frá 1. janúar hefur gjaldið sem Sjúkratryggingar greiða fyrir þessa þjónustu til fyrirtækjanna lækkað úr kr 6.700 í kr. 5.500 á mánuði. Hingað til hefur notandinn greitt hjá Securitas kr. 1.350 mánaðarlega fyrir öryggishnapp, og ekki hefur verið tekin ákvörðun um breytingar þar á bæ, en hækki það sem nemur lækkun hjá Sjúkratryggingum, þá er það tæplega 100% hækkun hjá notandanum.

**Að búa á eigin heimili sem lengst**

Annað skiptir líka verulegu máli fyrir þá sem vilja búa heima sem lengst og nýta sér heimaþjónustu sveitarfélags eða ríkis. Í heimilishjálp felst t.d. að hjálpa fólki við böðun. Þá þarf oft að notast við sturtustóla, baðstóla eða baðbretti til þess að fólk þurfi ekki að klifra upp í baðkar, eða aðstoðarmaðurinn þurfi ekki að bogra við verkið. Nú getur aldrað fólk ekki lengur fengið slík tæki frítt, heldur verður einstaklingurinn að kaupa þessi tæki sem geta kostað á bilinu 25-50.000 kr. Fyrri reglugerð kvað á um að væri fólk með verulega skerta færni eða verulega skert jafnvægi, þá væru kaup á baðstólum og baðbrettum styrkt 100%.

**Samræmingar þörf**

Samkvæmt nýrri reglugerð er það aðeins fólk sem er með alvarlega tiltekna sjúkdóma s.s. MS, MND, Parkinson og fleiri, sem á rétt á niðurgreiðslu á slíkum tækjum, ekki er nóg að vera orðinn 67 ára eða eldri með skerta líkamlega færni. Sama regla gildir um hækjur og stafi. Þá eru líka gerðar breytingar á reglum um gervibrjóst, stuðningshandrið og stoðir á heimili, einnota bleiur, og breytingar á bifreiðum fyrir hreyfihamlaða, svo dæmi sé tekið. Það er með ólíkindum að stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra og svo framkvæmd í ýmsum málum sem snerta þann málaflokk skuli stangast svona verulega á. Á sama tíma er kostnaðurinn við rekstur hvers hjúkrunarrýmis á öldrunarstofnun á bilinu 500-650.000 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling. Það hlýtur því að vera miklu hagstæðara fyrir ríkissjóð að styrkja fólk til að búa heima hjá sér, heldur en að fjölga hjúkrunarrýmum í það óendanlega.

**➜ En þegar heilsan bilar eða fólk fer að finna til öryggisleysis, ekki síst þeir sem búa einir, þá er gott að geta fengið sér ýmislegt sem styrkir búsetuna og hjálpar fólki til sjálfshjálpar. Þar á meðal er að fá sér öryggishnapp sem hægt er að hafa um úlnliðinn, eða í bandi um hálsinn, og er til þess ætlaður að geta kallað á hjálp í ýmsum aðstæðum. Nú hafa reglur verið hertar fyrir veitingu styrkja vegna öryggishnapps.**

Frá því að ný ríkisstjórn tók við völdum, hefur hún verið að draga til baka skerðingar á kjörum eldri borgara sem gerðar voru árið 2009. Nú um áramótin höfðu þær lagfæringar í för með sér að hækkun til þeirra sem eru á lægsta lífeyri hjá TR nemur um 7-8.000 kr. á mánuði. En með breytingum á reglugerð um kostnað sem Sjúkratryggingar greiða vegna aldraðra er verið að taka þær hækkanir margfalt til baka. Það er sem sé verið að taka með annarri hendinni það sem gefið var með hinni. Það er engan veginn verið að framfylgja þeirri stefnu stjórnvalda í málefnum aldraðra að þeir búi heima hjá sér svo lengi sem heilsa og geta leyfir. Þvert á móti eru framtíðarsýnin og framkvæmdin að stefna hvor í sína áttina.

# Blekkingar Eyjólfs Árna Rafnssonar, forstjóra Mannvits

NÁTTÚRUVERND



**Gísli Már Gíslason**
prófessor í vatnalíffræði í HÍ og formaður Þjórsárveranefndar sem er Umhverfisstofnun til ráðuneytis um málefni friðlandsins

Eyjólfur Árni Rafnsson skrifaði grein í Fréttablaðið 24. janúar sl. undir heitinu Norðlingaölduveita – söguleg þróun og nokkrar staðreyndir. Því miður fer Eyjólfur Árni rangt með helstu staðreyndir í þessu máli og ætla ég að nefna tvær sem eru lykilatriði.

**1** Eyjólfur segir: „Um 1980 var þess í stað (þ.e. í stað 200 km² lóns) gert samkomulag við Náttúruverndarráð um mun minna lón í Þjórsá sem þó myndi ná inn í neðstu verin í vatnshæð 581 my.s. Einnig var heimilað að veita austurkvíslum Þjórsár til Þórisvatnsmiðlunar.“ Hér er vísvitandi verið að slíta setningu í sundur þannig að mikilvægur fyrirvari týnist.

Staðreyndin er að það var gert samkomulag sem orðað er í auglýsingu að friðlandi frá 1981 á eftirfarandi hátt: „Ennfremur mun Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndarráðs“ (leturbr. GMG) (Stj. tíð. B, nr. 753/1981).

Í kjölfarið var Líffræðistofnun Háskólans undir forystu dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur falið að stýra rannsóknum á áhrifum fyrirhugaðs lóns á gróður og jarðvatnsstöðu í Þjórsárverum og skilaði hún lokaskýrslu um það 1994, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að gera fyrirhugað lón án þess að það hefði mikil áhrif á gróður og grunnvatn.

Í kjölfarið hóf Landsvirkjun að leita leiða til að minnka áhrif frá lóninu, en að lokum komst arftaki Náttúruverndarráðs, Náttúruvernd ríkisins, að þeirri niðurstöðu að slík lónsmyndun mundi rýra náttúruverndargildi Þjórsárvera óásættanlega. Landsvirkjun hélt áfram í ljósi þess að ný lög um mat á umhverfisáhrifum höfðu tekið gildi og því væri samkomulagið ekki í gildi lengur. Síðan hefur Landsvirkjun haldið málinu til streitu.

**2** Eyjólfur Árni segir: „Í öðrum áfanga rammaáætlunar var fjallað um þá tilhögun sem stjórnsýslan sættist á 2003. Í faghópum fékk framkvæmdin allgóða einkunn út frá umhverfisáhrifum og háa einkunn fyrir hagkvæmni. Niðurstaðan var þó sú við afgreiðslu Alþingis árið 2013 að veitan var sett í verndarflokk. Þetta varð til þess að upp hófust deilur um pólitísk afskipti af rammaáætlun.“ Þetta er einfaldlega rangt!

**➜ Það er því fyrst núna með ákvörðun umhverfisráðherra um að leggja til breytingar á þingsályktun Alþingis og færa vesturhluta Þjórsárvera í nýtingarflokk, að pólitísk afskipti af rammaáætlun hefjast. Hvað gengur forstjóra Mannvits til – er hann að reyna að blekkja almenning í landinu?**

**Blekking?**

Staðreyndin er sú að í 1. áfanga rammaáætlunar voru Þjórsárver talin 3. verðmætasta náttúrusvæðið af vatnsaflskostum. Sem kunnugt er, fylgdu stjórnvöld ekki eftir niðurstöðum 1. áfanga. Árið 2007 hófst 2. áfangi rammaáætlunar. Lokaniðurstaða þeirrar vinnu var að raða Þjórsárverum sem 4. verðmætasta svæði af 40 í faghópi 1 um náttúrufar og menningarminjar. Nefnd, sem skipuð var formönnum faghópa og formanni verkefnisstjórnar 2. áfanga, var falið að flokka svæði og virkjunarhugmyndir í verndarflokk, biðflokk eða nýtingarflokk. Þessi nefnd setti svæðið Þjórsá ofan Norðlingaöldu í verndarflokk. Svæðið náði til efsta hluta af vatnasviði Þjórsár, þar með talinna Þjórsárvera og farvegar Þjórsár með fossunum Dynk, Gljúfurleitarfossi og Kjálkaversfossi, að Sultartangalóni. Í meðförum Alþingis, þar sem hagsmunaaðilar og almenningur kom athugasemdum á framfæri, var röðun Þjórsárvera eða annarra svæða í verndar- og biðflokkum ekki hreyfð. Það er því fyrst núna með ákvörðun umhverfisráðherra um að leggja til breytingar á þingsályktun Alþingis og færa vesturhluta Þjórsárvera í nýtingarflokk, að pólitísk afskipti af rammaáætlun hefjast.

Hvað gengur forstjóra Mannvits til – er hann að reyna að blekkja almenning í landinu?

*Höfundur hefur setið í faghópi 1 í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða.*

FRÁBÆR TILBOÐ!
Gerðu mögnuð kaup!
Fjöldi bíla á staðnum!
WWW.BÍLALAND.IS




TOYOTA AURIS TERRA
Nýskr. 06/08, ekinn 96 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.750.000
TILBOÐSVERÐ!
1.450 þús.




HYUNDAI SONATA
Nýskr. 07/08, ekinn 93 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.990.000
TILBOÐ kr. 1.590 þús.




TOYOTA LAND CRUISER 150
Nýskr. 05/12, ekinn 43 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 8.800.000
TILBOÐ kr. 7.990 þús.




HYUNDAI SANTA FE 4x4
Nýskr. 06/06, ekinn 174 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.740.000
TILBOÐ kr. 1.290 þús.




NISSAN PATROL SE
Nýskr. 08/08, ekinn 125 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.380.000
TILBOÐ kr. 3.380 þús.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 118 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.180.000
TILBOÐ kr. 3.380 þús.




NISSAN MURANO 3.5
Nýskr. 06/09, ekinn 57 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



Elskulegur eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ANTON BALDVIN FINNSSON**
**skipasmíðameistari,**
**Ránargötu 25, Akureyri,**

sem lést 22. janúar, verður jarðsunginn
frá Akureyrarkirkju föstudaginn 31. janúar kl. 13.30.

**Steinunn Ragnheiður Árnadóttir**
**Jóhanna Maríanna Antonsdóttir**
**Ingibjörg Antonsdóttir** **Þórarinn Arinbjarnarson**
**Ragnheiður Antonsdóttir**
**Árni Freyr Antonsson** **Dóra Margrét Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**SELMA JÚLÍUSDÓTTIR**
**Vesturbergi 73,**

sem andaðist á heimili sínu sunnudaginn
26. janúar, verður jarðsungin frá Áskirkju
föstudaginn 7. febrúar kl. 13.

**Óskar Indriðason**
**Kristján Óskarsson** **Margrét Erla Guðmundsdóttir**
**Marilyn Herdís Mellk** **Örvar Daði Marinósson**
**Eva Ósk Kristjánsdóttir** **Kristófer Atli Hagelund Ólason**
**Kristján Indriði Kristjánsson** **Tinna Líf Óladóttir**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN JÓNÍNA KOLBEINSDÓTTIR**
**(GÍNA)**

lést á Öldrunardeild Sjúkrahússins á Ísafirði
22. janúar. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn
1. febrúar kl. 14.00. Aðstandendur vilja þakka öllu starfsfólki
Sjúkrahúss Ísafjarðar fyrir einstaka aðhlynningu og umönnun.
Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á minningarsjóð
Sjúkrahúss Ísafjarðar.

**Sigríður María Gunnarsdóttir** **Friðrik Sigurðsson**
**Þórdís Elín Gunnarsdóttir** **Sigurður Jarlsson**
**Brynja Gunnarsdóttir** **Haraldur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR**
**Hömrum, Mosfellsbæ,**
**áður Skúlagötu 20,**

lést sunnudaginn 19. janúar á Hjúkrunarheimilinu Hömrum. Útför
hennar fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 30. janúar
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg.

**Gísli Sigurðsson**
**Lilja Jónsdóttir**
**Sigríður Oddný Marinósdóttir** **Sævar Björn Baldursson**
**Dagný Björk og Brynjar Freyr**
**Ingi Rafnar Júlíusson** **Ásta Pétursdóttir**
**Júlía Margrét og Sóley Edda**
**Jón Páll Júlíusson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
systir, mágkona og amma,

**SONJA MARÍA**
**JÓHANNSDÓTTIR CAHILL**
**áður til heimilis að Hofteigi 24, Reykjavík,**
**46 Metacomet Way,**
**02050 Marshfield, Mass.,**

lést sunnudaginn 13. janúar á sjúkrahúsi í Boston, Mass.
Útförin fór fram í Marshfield laugardaginn 18. janúar.

**Gerda Sullivan** **Michael Sullivan**
**Kristin Murphy** **Bret Murphy**
**Maria Jórunn Desmond** **Lawrence Desmond**

**Christopher, Michael, Brendan, Cara, Megan og Emma**

**Örn Jóhannsson** **Edda Sölvadóttir**
**Skaftahlíð 38, Reykjavík**

**Óttar Jóhannsson** **Guðbjörg Steinarrsdóttir**
**Tjarnarstíg 9, Stokkseyri**

# Verk úr öllum áttum

Málverk, gjörningur, ljósmyndir og vídeó eru á samsýningunni Outer Place sem erlendir gestalistamenn opna í SÍM-salnum í Hafnarstræti 16 í dag klukkan 17.

„Þetta er samsýning listamanna sem hafa verið í gestavinnustofum SÍM á Seljaveginum síðustu vikur. Þeir eru allir menntaðir myndlistarmenn og koma frá Ástralíu, Danmörku, Englandi, Sviss og Þýskalandi,“ segir Hildur Ýr Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, um sýninguna Outer Place í SÍM-salnum í Hafnarstræti.

Hildur Ýr kveðst ekki sjá í fljótu bragði að verk listamannanna eigi eitthvað sameiginlegt. „En það er alltaf spennandi að sjá útkomu svona samsýninga. Stundum kemur út heild og stundum ekki.“

gun@frettabladid.is



**LISTAMENNIRNIR** Jorinde Chang, Phebe Parisia, Birgit Wudtk, Beth Dillon, Lotte Floe Christensen, Eleni Podara, Yannick Lambelet, Amy Perejuan-Capone og Michael Lisle-Taylor.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**RÓSA GUÐRÍÐUR ÓSKARSDÓTTIR**
**Klettavík 13, Borgarnesi,**

andaðist í Brákarhlíð miðvikudaginn
22. janúar. Hún verður jarðsungin frá
Borgarneskirkju föstudaginn 31. janúar kl. 14.00. Þeim sem vildu
minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar. Sérstakar
þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Sverrir Hallgrímsson**
**Óskar Sverrisson** **Ragnhildur Ólafsdóttir**
**Hallgrímur Sverrisson** **María Anna Eiríksdóttir**
**Sigurður Páll Sverrisson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**HULDA GUNNARSDÓTTIR**
**sem bjó lengst af í Hraunbæ 128**
**og síðast á Prestastíg 11,**

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu
föstudaginn 31. janúar kl. 15.00.

**Pálmi Ingólfsson**
**Guðrún Ingólfsdóttir** **Eiríkur Rögnvaldsson**
**Ingólfur Eiríksson**
**Marianne Tonja Ringström Feka** **Daniel Feka**
**Dennis Feka**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug vegna andláts
og útfarar elskulegs eiginmanns míns,
föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HALLDÓRS GEIRMUNDSSONAR**
**áður að Helluvaði 21.**

**Guðný Eygló Hermannsdóttir**
**Lilja Hrönn Halldórsdóttir**
**Ólafur Magnús Halldórsson** **Harpa Böðvarsdóttir**
**Sigurlaug Regína Halldórsdóttir** **Gísli L. Kjartansson**
**Sigríður Ólína Halldórsdóttir** **Lech Pajdak**
**Hafþór Halldórsson** **Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**Kristjana Halldórsdóttir** **Hörður V. Arnarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**HARALDUR RINGSTED**
**Hjallalundi 20, Akureyri,**

sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð 23. janúar síðastliðinn, verður
jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 3. febrúar kl. 13.30.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja
minnast hans er bent á hjartadeild Sjúkrahússins á Akureyri.

**Jakobína Stefánsdóttir**
**Anna Ringsted** **Stefán Guðlaugsson**
**Guðlaug Ringsted** **Gísli Sigurgeirsson**
**Sigurður Ringsted** **Bryndís Kristjánsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Okkar ástkæra ættmóðir,

**STELLA STEFÁNSDÓTTIR**
**Mýrarvegi 117, Akureyri,**

er látin. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Afkomendur.**



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð
vegna fráfalls

**EINARS BÁRÐARSONAR**
**Kirkjubæjarklaustri.**

**Aðstandendur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR L. JÓNSSON**
**Kríuási 47, Hafnarfirði,**

lést á Borgarspítalanum fimmtudaginn 23.
janúar. Útförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í
Hafnarfirði föstudaginn 31. janúar kl. 13.00.

**Sigurgeir Sigurðsson** **Nana Mardiana**
**Fanney Sigurðardóttir** **Ágúst Þórðarson**
**Guðrún Halla Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**VALNÝ BÁRÐARDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Áskirkju í Reykjavík
miðvikudaginn 29. janúar kl. 13.00.

**Helgi E. Helgason** **Ásdís Ásmundsdóttir**
**Gísli Már Helgason**
**Gunnar Hans Helgason** **Sigrún Þórðardóttir**
**Ásdís Stefánsdóttir**
**Sigurður Helgason** **Anna Ólafsdóttir**
**Bárður Helgason** **Svanhildur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI AXEL DAVÍÐSSON**
**Aragerði 7, Vogum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
fimmtudaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá
Kálfatjarnarkirkju laugardaginn 1. febrúar kl. 13.00

**Árný Helgadóttir**
**Margrét H. Helgadóttir** **Lúðvík Þór Nordgulen**
**Hanna S. Helgadóttir** **Kristján Kristmannsson**
**Davíð S. Helgason** **Dagbjört Ásgeirsdóttir**
**Vilborg S. Helgadóttir** **Sigurjón Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. janúar 2013 | 4. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## Skaðinn vandmetinn

**Gjaldeyrishöft koma verst niður á þeim fyrirtækjum sem standa eiga undir vexti útflutningstekna landsins. Erfiðlega gengur að meta glötuð tækifæri til fjár. Lönd aðlagist höftum merkilega vel.**

SÍÐA 4

## 518 milljarða hagnaður IKEA

Rekstur sænska húsgagnarisans IKEA skilaði 3,3 milljarða evra hagnaði á síðasta ári, eða um 518 milljörðum króna, að því er fram kemur á vef BBC.

Góð afkoma fyrirtækisins er að miklu leyti tilkomin vegna aukinnar sölu á vörum IKEA í Kína, Rússlandi og Bandaríkjunum.

Peter Agnefjall, forstjóri IKEA, sagði í samtali við BBC að fyrirtækið hefði ekki séð sömu söluaukningu í Suður-Evrópu, þar sem neytendur hafa ekki enn jafnað sig á áhrifum alþjóðlegu efnahagskreppunnar.

„Evrópa er hins vegar heilt yfir farin að jafna sig,“ sagði Agnefjall. - hg

## Halal-vottaðar hvalveiðar

Aðalskip japanska hvalveiðiflotans, Nisshin Maru, hefur fengið vottun til Halal-slátrunar.

Skipið fékk vottunina í fyrra og greindi vefur Sunday Times frá málinu í síðustu viku. Eftirlitsmenn skoðuðu skipið og lögðu meðal annars til að skipverjar skiptu um sótthreinsivökva við handþvott yfir í vökva sem innihéldi ekki alkóhól.

Ákvörðunin um vottunina var tekin til að fjölga valkostum múslima í Japan. Samkvæmt trúarsiðum strangtrúaðra múslima má ekki aflífa sláturdýr áður en þau eru skorin á háls eða stungin til að láta þeim blæða út. - hva

## Sammála um mikilvægi EES

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra átti í gær fund með Ingvild Næss Stub, aðstoðarevrópumálaráðherra Noregs. Þar sögðust ráðherrarnir vera sammála um mikilvægi þess að þétta enn frekar samstarf Íslands og Noregs á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins (EES) með það að markmiði að efla hagsmunagæslu ríkjanna innan EES-samstarfsins.



Gunnar og Ingvild fóru meðal annars yfir þær aðgerðir sem ný norsk ríkisstjórn hefur gripið til í því skyni að efla þátttöku og hagsmunagæslu Noregs á vettvangi EES. - hg




## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**5** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**8** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**6** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**HB GRANDI** **15,9%** frá áramótum

**HB GRANDI** **15,9%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL** **-6,3%** frá áramótum

**MAREL** **5,3%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 148,00 | -3,3% | 1,4% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 0,0% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 251,00 | -4,2% | -2,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 29,60 | 8,6% | -4,4% |
| Hagar | 42,60 | 10,9% | -0,9% |
| Icelandair Group | 18,90 | 3,8% | -2,1% |
| Marel | 126,00 | -5,3% | -6,3% |
| N1 | 18,70 | -1,1% | 1,4% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 15,88 | 2,1% | 0,5% |
| Tryggingamiðstöðin | 31,05 | -3,1% | -1,6% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,60 | -1,8% | -0,6% |
| Össur | 239,00 | 4,4% | 1,7% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.265,79 | 0,5% | -2,9% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,25 | 0,0% | 0,0% |
| HB Grandi | 25,50 | 15,9% | 15,9% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 29. janúar**
- **Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi**
- **Nýskráningar og gjaldþrot** | Des. 2013

**Fimmtudagur 30. janúar**
- **Útungun hænsna** | Des. 2013
- **Kjötframleiðsla** | Des. 2013
- **Vísitala neysluverðs** | Jan. 2014

**Föstudagur 31. janúar**
- **Vöruskipti við útlönd** | Jan. 2014
- **Vísitala framleiðsluverðs** | Des. 2013

**Miðvikudagur 5. febrúar**
- **Marel - Uppgjör fyrir árið 2013**
- **Gistinætur á hótelum** | Des. 2013
- **Vöruskipti við útlönd** | Jan. 2014
- **Össur – Uppgjör fyrir árið 2013**

**Föstudagur 7. febrúar**
- **Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

HEILDARLAUSNIR
• Bókhald • Skattframtöl • Ráðgjöf

**Tökum að okkur bókhald, launavinnslur, vsk uppgjör og framtalsgerð fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga.**

**Bjóðum upp á heildarlausnir • Fast verð þar sem við á.**

**Heildarlausnir • Álfabakka 14, 3 hæð.**
**Hafið samband í tölvupósti tsh@centrum.is eða í s. 896 2818**

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

ETOS tilnefnt til verðlauna í flokki frístunda og skemmtunar hjá Inavate:

# Gæti hlotið alþjóðleg verðlaun

Tæknifyrirtækið ETOS ehf. hefur verið tilnefnt til Inavate-verðlaunanna í flokki frístunda og skemmtunar. ETOS er tilnefnt fyrir hönnun og uppsetningu á hljóð-, mynd- og ljósastýringum sem og netkerfi hjá Keiluhöllinni í Egilshöll í Grafarvogi.

ETOS er eitt fjögurra fyrirtækja sem tilnefnd eru og úrslitin verða tilkynnt hinn 5. febrúar, í tengslum við sýningu Integrated Systems Europe sem fram fer í Amsterdam. Sú sýning er mest sótta fagsýning í heiminum þegar kemur að hljóð-, mynd- og rafeindabúnaði, samkvæmt fréttatilkynningu ETOS.

„Verkefnið sem um ræðir er viðamikið á íslenskan mælikvarða en það felur í sér hönnun á hljóð-, mynd- og netkerfi ásamt forritun í eitt stjórnkerfi sem auðveldar mjög samhæfða stýringu á þessum kerfum," segir í tilkynningunni.

ETOS ehf. var stofnað 2009 og sérhæfir sig í þjónustu á sviði hljóð-, mynd- og netlausna, ásamt ýmsum sérlausnum. Viðskiptavinir fyrirtækisins koma víðsvegar að en þar má nefna hótel, söfn og sýningaraðila, fyrirtæki á ýmsum sviðum, t.d. í skemmtanaiðnaði, á heilbrigðissviði, einstaklinga og opinbera aðila. - skó



**HANNAÐI SALINN** ETOS er tilnefnt fyrir vinnu við Keiluhöllina í Egilshöll. MYND/ETOS

# Vongóður um sölu á afurðum þörungsins

***Skarphéðinn Orri Björnsson, framkvæmdastjóri Algalífs, skrifaði í gær undir fjárfestingarsamning vegna örþörungaverksmiðju í Reykjanesbæ. Verksmiðjan mun kosta um tvo milljarða króna.***

**LÍFTÆKNI**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Fyrirtækið er ólíkt mörgum öðrum að því leytinu til að öll okkar framleiðsla mun seljast vegna mikils skorts á þessum afurðum þörungsins," segir Skarphéðinn Orri Björnsson, framkvæmdastjóri líftæknifyrirtækisins Algalífs.



**SKARPHÉÐINN ORRI BJÖRNSSON**

Skarphéðinn og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, skrifuðu í gær undir fjárfestingarsamning vegna örþörungaverksmiðju fyrirtækisins á Ásbrú í Reykjanesbæ. Þar mun Algalíf rækta þörunga og vinna úr þeim virka efnið astaxanthin, sem er sterkt andoxunarefni og er meðal annars notað í fæðubótarefni og vítamínblöndur.

Algalíf var stofnað í ágúst 2012 og er í eigu norska félagsins NutraQ A/S. Átta manns starfa nú hjá fyrirtækinu en starfsmenn verða um þrjátíu talsins þegar verksmiðjan verður komin í full afköst um mitt ár 2016.

Verksmiðjan mun að sögn Skarphéðins kosta um tvo milljarða króna. Fyrirtækið nýtir nú fimmtán hundruð fermetra húsnæði á Ásbrú en áform eru um að stækka húsnæðið um sex þúsund fermetra.

„Í rauninni er búið að vinna markvisst með þennan þörung í tæp tvö ár og við höfum leitað að húsnæði fyrir verksmiðjuna bæði hér og erlendis. Ákvörðunin um að fara á Ásbrú var tekin snemma síðasta haust og þá var farið á fullt í að semja," segir Skarphéðinn og bætir því við að margar ástæður hafi legið að baki ákvörðuninni um að reisa verksmiðjuna hér á landi.

„Augljósi kosturinn er hagstætt orkuverð, en það var ekki úrslitaatriði því verðið er lægra í Bandaríkjunum. Samfélagið í Reykjanesbæ er einnig mjög opið og vildi styðja við okkur, veðurfarið er hagstætt fyrir framleiðsluna vegna kuldans og hér er nóg af hreinu vatni. Þörungarnir vaxa í vel yfir tuttugu stiga hita og því getum við notast við náttúrulega kælingu allt árið."

Verksmiðjan verður að sögn Skarphéðins sú fullkomnasta sinnar tegundar í heiminum.

„Þörungarnir verða ræktaðir í lokuðu kerfi þar sem næringu, hita og birtumagni verður stýrt nákvæmlega."



**LÍFTÆKNI** Ragnheiður E. Árnadóttir iðnaðarráðherra og Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, skoðuðu húsnæðið að undirritun lokinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um þrjú þúsund manns tóku þátt í einni stærstu orrustu í sögu EVE Online:

# Börðust fyrir tugi milljóna króna

Að minnsta kosti þrjú þúsund leikmenn tóku þátt í einni stærstu orrustu í sögu tölvuleiksins EVE Online, sem hófst fyrir slysni og stóð yfir í alla fyrrinótt. Tjónið vegna orrustunnar veltur á tugum milljóna króna.

„Þetta var löng nótt hjá okkur og við erum enn að átta okkur á umfangi bardagans," segir Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP, framleiðanda leiksins.

Bardaginn sem um ræðir stóð enn yfir seinnipartinn í gær, en hann var í hámarki í um tólf tíma.

„Það sem gerir bardagann stóran og merkilegan er ekki endilega fjöldi spilara að þessu sinni, heldur frekar verðmæti og stærð þeirra geimskipa sem tóku þátt," segir Eldar. Leikmenn notuðu mikinn fjölda stórra og verðmætra skipa sem kallast Titan, en þau eru sjaldan notuð til bardaga sökum þess hve verðmæt þau eru. Í bardaganum voru fleiri en sjötíu slík skip eyðilögð.

Á heimasíðunni zKillboard er talið að 4.398 skip hafi eyðilagst í orrustunni, sem samsvarar rúmlega 9,5 milljörðum íslenskra króna, sem er gjaldmiðill leiksins.



**MIKIÐ TJÓN** Talið er að 4.398 skip hafi eyðilagst í orrustunni. MYND/SKJÁSKOT.

„Svona stórir bardagar verða ekki oft, en þegar þeir verða vekja þeir athygli langt út fyrir raðir spilara. Það eru oft skemmtilegar sögur á bak við bardagana," segir Eldar. - skó

ENNEMM / SIA / NM61047




# Ánægð og stolt











## Íslandsbanki í forystu

Ný könnun Capacent* á viðhorfi forsvarsmanna fyrirtækja til viðskiptabankanna leiddi í ljós að mest ánægja ríkir um þjónustu Íslandsbanka við fyrirtæki. Íslandsbanki var meðal annars talinn vera í fararbroddi, standa sig best í þjónustu, vinna mest að endurbótum og nýjungum og bjóða besta fyrirtækjabankann.

Leiðarljósið í starfi okkar er **þekking sprettur af áhuga**.
Við erum staðráðin í að vera áfram í forystu og veita íslenskum fyrirtækjum fyrsta flokks þjónustu.

**Kærar þakkir fyrir góðar viðtökur.**

*Spurningar fyrir Íslandsbanka í Fyrirtækjavagni Capacent. Könnunin var framkvæmd dagana 26.11.-30.12. 2013.
Svarendur voru 528 forsvarsmenn handahófsvalinna fyrirtækja með fjóra starfsmenn eða fleiri.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**KRÓNURNAR MÚRAÐAR INNI** Rannsóknir í hagfræði hafa ekki með óyggjandi hætti náð utan um kostnaðinn við gjaldeyrishöft. Aðstæður eru ólíkar og samanburður torveldur. Það sem á við um Argentínu gildir kannski ekki fyrir Ísland.

# Glötuð tækifæri mælast illa

***Hér hefur verið byggð upp óþarflega mikil þolinmæði gagnvart gjaldeyrishöftum, segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Friðrik Már Baldursson, hagfræðiprófessor við Háskólann í Reykjavík, segir lönd aðlagast höftum merkilega vel. Önnur lögmál kunni þó að eiga við um þróuð ríki en gilda um þróunarlönd.***

**EFNAHAGSMÁL**
**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



Í atvinnulífinu má greina vaxandi áhyggjur af skaðsemi gjaldeyrishafta. Innan úr orkuiðnaði heyrist að innan tíðar verði öll starfsemi sem fara á fram utan landsteinanna komin í erlend félög og sama þróun virðist eiga sér stað í öðrum þekkingariðnaði. Rætt hefur verið um hættuna á eignabólu og ljóst að viðvarandi höft koma til með að skerða ávöxtun á lífeyrissparnaði landsmanna. Útrásarmöguleikar fyrirtækja eru verulega skertir og hlutabréfamarkaður gagnast ekki nema að hluta.

Þrátt fyrir allar þessar áhyggjur er erfitt að sýna svart á hvítu fram á skaðsemi haftanna, talið í krónum og aurum.

„Lönd aðlagast höftum alveg merkilega vel," segir Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Því sé flóknara en að segja það að ætla að áætla kostnað af viðvarandi gjaldeyrishöftum. „Í rannsóknum hafa verið gerðar miklar tilraunir til að mæla kostnað af gjaldeyrishöftum og takmörkunum á fjármagnsflæði og fjárfestingum. Og það hefur ekki reynst auðvelt að finna einhvern kostnað." Rannsóknirnar segir hann að hafi að vísu mestanpart beinst að þróunarlöndum, en svo hafi komið fram greinar þar sem niðurstöðurnar séu í þá átt að áhrif hafta séu neikvæð.

## ÞOLINMÆÐI SKIPTIR HÖFUÐMÁLI



RICHARD PORTES

Í grein sem hagfræðiprófessorarnir Friðrik Már Baldursson og Richard Portes skrifuðu um gjaldeyrishöftin undir lok síðasta árs segja þeir Ísland standa frammi fyrir erfiðu, en ekki óyfirstíganlegu, vandamáli við að gera upp bú föllnu bankanna og aflétta gjaldeyrishöftunum.

„Mikið er undir. Mikilvægt er, fyrir sakir efnahagslegrar farsældar landsins í framtíðinni, að aflétta á endanum gjaldeyrishöftum. Þetta verður hins vegar að gera án þess að ógna fjármálastöðugleika og getu landsins til að standa undir skuldum sínum. Jafnvel þótt höftin séu skaðleg, þá er ávinningurinn af því að aflétta þeim líklegur til að vera mun minni en kostnaðurinn í kjölfar snemmbærrar afléttingar skorða á flæði fjármagns úr landi," segja þeir, bæði í grein sem birtist í Capital Markets Law Journal í byrjun þessa árs og í grein sem birtist á vef VOX í nóvember í fyrra.

Hagfræðingarnir segja að þótt dæmi finnist um að ný gjaldeyrishöft hafi skaðleg áhrif í því að skerða hagvöxt þá sé þau áhrif síður að finna á Íslandi strax í kjölfar kreppu, um leið og auðvelt sé að sjá fyrir hversu skaðlegt væri að fella niður höftin án þess að taka á fyrirliggjandi vandamálum. „Af því leiðir að af Íslands hálfu er þolinmæði óhemjumikilvæg."

### Málið hvorki klippt né skorið

„Málið er hins vegar oft sett fram í almennri umræðu á þann hátt að neikvæðar afleiðingar hafta séu alveg borðleggjandi, en þær eru það ekki, ef maður á að vera alveg heiðarlegur." Friðrik segir hins vegar vitanlega óskemmtilegt að vera undir höftum, enda brjóti þau til dæmis í bága við ákvæði sem landið hefur undirgengist í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið og þar fram eftir götum. „En þróunin hér held ég samt að sýni það að vissu leyti að hægt er að búa til einhver kerfi þar sem eru lögmætar hjáleiðir frá höftum."

Friðrik Már segir hins vegar vel mega vera að kostnaður fyrir þróað ríki eins og Ísland sé meiri en fyrir þau lönd sem oftast er horft til þegar áhrif gjaldeyrishafta eru metin. „Oft á tíðum er bara verið að hugsa um höft á innflæði, beinar fjárfestingar og svo framvegis. Hér er þetta kannski öðruvísi og sér í lagi gagnvart alþjóðlegum fyrirtækjum eins og Össuri og öðrum sem kvarta sáran undan höftunum, þrátt fyrir hjáleiðir sem eru til staðar."

Málið segir Friðrik því ekki eins klippt og skorið og margur vilji vera láta. Við bætist svo margvíslegur kostnaður sem erfitt sé að mæla. „Það er erfitt að mæla kostnað við hluti á borð við spillingu, án þess að ég vilji gera því skóna að við þjáumst mikið af henni," segir hann þótt spilling embættismanna kunni að vera fyrirferðarmeira vandamál í öðrum löndum sem horft hefur verið til. „Ég hef enga trú á að það sé stórt mál hér." Að auki fari svo óskapleg orka í að finna leiðir til að komast í kring um gjaldeyrishöftin. „Hagnaðarmöguleikar í kring um bilið milli opinbers og óopinbers gengis bjóða upp á að menn láti reyna á höftin." Friðrik áréttar að hann sé langt í frá einhver talsmaður hafta eða áhugamaður um áframhaldandi höft. „Ég er ekki hrifnari af þeim en nokkur annar. En fræðin hafa átt í vandræðum með að sýna fram á kostnaðinn við þau."

Í fyrri umfjöllun um gjaldeyrishöft hefur þó verið sýnt fram á dæmi þar sem skatttekjur glatast. Til dæmis hafi erlent fyrirtæki mögulega áður getað fært fé úr íslensku útibúi, en það sé ekki hægt í umhverfi hafta. Í staðinn flytji félagið tekjur af fjárfestingum sínum beint úr landi og greiði af þeim skatt erlendis. Þá hefur verið bent á þá þróun hjá sprotafyrirtækjum í hugbúnaðariðnaði að þau færi sig fremur úr landi með einhverjum hætti. Sömu sögu segir viðmælandi blaðsins í orkugeiranum sem kýs að láta nafns síns ekki getið. Viðbúið sé að í áframhaldandi höftum verði öll



FROSTI ÓLAFSSON

Ég leyfi mér að fullyrða að ef höftin verða hér áfram eftir 10 ár eða 20 þá verður starfsemi þessara fyrirtækja í algjöru lágmarki.



SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR

Kröfur fjárfesta eru mjög oft þær að starfsemin verði byggð upp utan Íslands. Þeir treysta ekki rekstrarumhverfinu hér.



FRIÐRIK MÁR BALDURSSON

Þróunin hér held ég samt að sýni það að vissu leyti að hægt er að búa til einhver kerfi þar sem eru lögmætar hjáleiðir frá höftum.



## VINSÆL BORG

**Lundúnaborg er ein vinsælasta borg í heimi hjá ferðamönnum. Um 16 milljónir ferðamanna heimsóttu borgina í fyrra og hafa þeir aldrei verið fleiri, að því er fréttastofa CNN greinir frá. Ferðamenn sem komu til Parísar á síðasta ári voru 15,9 milljónir.**

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Lionssalurinn Lundur

- Afmælisveislur
- Árshátíðir
- Þorrablót

Cocktail.is
Veisluþjónusta

Brúðkaupsveislur.is • Fermingarveislur.is

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994



Veitingamenn, matreiðslumenn og rekstraraðilar í veitinga- og ferðaþjónustu eru velkomnir á kynningu á TurboChef-ofnum á morgun, fimmtudag, kl. 17 á Sjávarbarnum við Grandagarð í Reykjavík. Boðið verður upp á veitingar. MYND/GVA

# OFUROFNAR Í ELDHÚS

**MAGNÚS INGI MAGNÚSSON KYNNIR** *Á morgun, fimmtudag, kl. 17 verður kynning á TurboChef-ofnum fyrir fagmenn í veitingaþjónustu á Sjávarbarnum við Grandagarð. Tilboð verður á hinum vinsæla TurboChef i3.*

Bylting varð í eldhúsum veitingahúsa og hótela þegar TurboChef kynnti ofn árið 1991 sem steikti, brúnaði og sauð mismunandi rétti með fyrsta flokks gæðum 15 sinnum fljótar en áður þekktist. „Einn af kostum TurboChef er hve þægilegt er að afgreiða mismunandi rétti af matseðli fyrir stóra hópa á stuttum tíma," segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum og Texasborgurum. „Hægt er að afgreiða alla gestina á svipuðum tíma, jafnhratt og það tekur að bera matinn á borð. Það kemur sér ekki síst vel fyrir hótel og veitingahús sem fá stærri hópa ferðamanna en áður, oft fyrirvaralaust."

Með stöðugri þróun hefur TurboChef haldið yfirburðastöðu hjá hinum mismunandi veitingahúsum þegar kemur að eldun. Subway, Starbucks og Long John Silver og fleiri stórar keðjur nota TurboChef-ofna. Magnús Ingi hefur reynslu af því að þeir henta ekki síður veitingahúsi eins og hann rekur. „Ég er með i5-gerðina sem er fjölhæfur ofn. Það er ekki bara að hann skili miklu meiri afköstum en aðrir ofnar sem ég hef haft heldur gefur hann miklu jafnari eldun. Starfsfólkið var líka fljótt að læra á hann og nýta sér kostina. Magnús Ingi tekur dæmi: „Ég elda fisk og meðlæti á tveimur mínútum og baka 12" pitsu á einni og hálfri."

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
PMT (Plast, miðar og tæki) við Krókháls er með umboð fyrir TurboChef-ofna. Nánari upplýsingar er að finna á www.pmt.is og hjá Magnúsi Inga á Sjávarbarnum, magnusingi@gmail.com.



GLÆSILEG LÍNA
nýkomin aftur !

teg SUSANNA
BH fæst í 32-40
D,DD,E,F,FF,G skálum
á kr. 11.775,-
buxur kr. 5.685,-
sokkabandabelti
kr. 4.990,-
síðan eru auðvitað til sokkar.

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga
Laugadag opið frá kl 10-14

Vertu vinur

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!

Hreinsandi sérhæfir sig í :
- Myglugró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



Hreinsandi
fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá
kemi

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



Vorum að fá helling af glæsilegum frökkum og vatteruðum jökkum í ýmsum litum.

Vinsælu þunnu dúnúlpurnar eru byrjaðar að berast í hús.Um að gera að grípa eina af þessum vinsælu yfirhöfnum áður en þær klárast aftur!

Nú höfum við hækkað afsláttinn á útsölu yfirhöfnum í 50%.

*Minnum á að útsalan er að klárast!*
Verið velkomnar.

BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

**Barnafataverslun til sölu**

Gott merki, selst á lagerverði.

Uppl. í síma 772-1757






**HÓPURINN** Íslenski hópurinn með fararstjórum. Þórður stendur aftast fyrir miðju og Sólrún fyrir framan hann. MYND/ÚR EINKASAFNI

# MIÐPUNKTURINN HEIMSÓTTUR

**FRAMANDI SLÓÐIR** *Mikil náttúrufegurð, stórbrotin saga og glæsilegur arkitektúr einkenna Mið-Asíuríkin Kirgisistan og Úsbekistan. Rúmlega 35 milljónir manna búa þar á landsvæði sem er nær fimm sinnum stærra en Ísland. Fáir Íslendingar hafa heimsótt löndin en nú kann breyting að verða á.*

Mið-Asía er ekki algengur viðkomustaður íslenskra ferðalanga en þangað hafa þó fáeinir skipulagðir hópar farið undanfarin ár. Meðal þeirra sem hafa heimsótt svæðið eru hjónin Þórður Harðarson og Sólrún B. Jensdóttir sem létu gamlan draum rætast nýlega og heimsóttu Kirgisistan og Úsbekistan ásamt fámennum en góðmennum hópi frá Íslandi. Þórður og Sólrún ferðast mikið og heimsóttu meðal annars fimm heimsálfur á síðasta ári. Þau segja þrennt hafa vakið áhuga þeirra á svæðinu. „Í fyrsta lagi er mikil náttúrufegurð á þessum slóðum þar sem háir fjallgarðar gnæfa yfir allt. Tian Shan-fjallgarðurinn þekur sem dæmi rúmlega 80% af landssvæði Kirgisistans. Margir tindar á þessum slóðum ná 7-8.000 metra hæð,“ segir Þórður.

Í öðru lagi nefnir Sólrún söguna en vafalaust sé ekkert land meiri miðpunktur heimsins en Úsbekistan. „Þarna mætast áhrif frá Kína, Indlandi, Íran, arabaheiminum, Tyrklandi og Rússlandi. Allar þessar þjóðir hafa látið sig svæðið varða undanfarnar aldir og flutt með sér menningu og trúarbrögð. Ekki skemmdi fyrir í þessu sambandi að við vorum með afburðagóða leiðsögukonu í för.“

Að lokum nefnir Þórður þann þátt sem hann var spenntastur fyrir, sem er arkitektúrinn. „Hann er svo sannarlega óviðjafnanlegur, sérstaklega í Úsbekistan. Margar byggingar þar hafa verið endurreistar af mikilli natni á tímum Sovétríkjanna, en flestar eru þær frá 14. til 17. öld. Þarna má raunar finna nokkrar af glæsilegustu byggingum sem maður hefur séð um ævina og höfum við nú ferðast víða.“

**ÓLÍK LÖND**

Þó nokkur munur er á löndunum tveimur að sögn Þórðar og Sólrúnar. „Bæði er Úsbekistan miklu stærra og fjölmennara land en auk þess er Kirgisistan öllu frumstæðara. Þó ríkir þar mun frjálslyndara stjórnarfar og landið er opnara fyrir erlendum viðskiptum. Í Úsbekistan ríkir harðstjórn og ferðamönnum er gert aðeins erfiðara fyrir svo maður orði hlutina á mildan hátt.“

Bæði löndin eiga ríka sögu þegar kemur að handverki, svo sem teppagerð, vefnað, keramik og silkigerð sem stendur á fornum merg. „Við kynntumst auðvitað matargerð heimamanna og vorum nokkuð hrifin af henni, sérstaklega forréttum. Þeir byggja mikið á grænmeti og ávöxtum sem eru oft vel kryddaðir og bornir fram með sósu. Aðalréttirnir voru oftast „plov“ sem er nokkurs konar hrísgrjónaréttur, oft borinn fram með nautakjöti eða lambakjöti. Einstaka sinnum fengum við grillað kjöt á teini en fiskfang var þó af skornum skammti.“

Hjónin eru hvergi nærri hætt þrátt fyrir mikil ferðalög undanfarin ár. „Okkur hefur lengi dreymt um að heimsækja Íran og einnig að keyra sjálf yfir Klettafjöllin, frá Calgary til Vancouver í Kanada. Einnig er Marokkó athyglisverður kostur þannig að margir spennandi möguleikar eru í stöðunni.“

starri@365.is



**FALLEGUR ARKITEKTÚR** Grafhýsi Sufi Bakhautdin í Bukhara. MYND/ÚR EINKASAFNI



**ÞJÓÐLEGT** Plov er hrísgrjónaréttur, oft borinn fram með nautakjöti eða lambakjöti. MYND/ÚR EINKASAFNI



**RISASTÓRT** Issyk Kul í Kirgisistan er eitt stærsta stöðuvatn heims, 74 sinnum stærra en Þingvallavatn. MYND/GETTY

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


70%
Útsala - útsala
15%
af öllum nýjum vörum
UNITED COLORS OF BENETTON.
- tilboð gildir fram á sunnudag -
Benetton Smáralind – Benetton Glerártorgi – Benetton Kringlunni


Levi's®
70%
ÚTSALA - ÚTSALA
15%
AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM
tilboð gildir fram á sunnudag
Levi´s Smáralind – Levi´s Kringlunni - Levi´s Glerártorgi








# VILJA SELJA LÚXUS TIL FERÐAMANNA

**MARKAÐSÁTAK** *Ósló, sem hefur keppt við Zürich um að vera dýrasta borg í Evrópu, ætlar að laða að fleiri ferðamenn en þeim hefur fækkað mikið undanfarin ár. Borgin verður markaðssett sem verslunarborg.*

Forstöðumaður ferðamála, Per-Arne Tuftin, segir yfirvöld hafa mikla trú á að Ósló geti lokkað til sín fleiri ferðamenn til að versla, sérstaklega frá Asíu. Per-Arne segir í viðtali við vefmiðil VG í Noregi að fjölgað hafi lúxus-merkjavöruverslunum í miðbænum, eins og Gucci, Hermés og Louis Vuitton. Verslunarmenn í Ósló taka undir þetta og segjast vera með gott verð á merkjavöru og þeir hafi tekið eftir því að ferðamenn frá Asíu komi til Óslóar til að versla og kaupi þá sérstaklega lúxusvörur.

Ferskt loft, langir og djúpir firðir og mikilfengleg náttúra er ekki það eina sem freistar asískra ferðamanna, segir Gunnar Larsen, talsmaður verslunar, og bætir við að efnaðir ferðamenn frá öðrum löndum versli einnig í borginni. „Þeir eru ekki bara að kaupa minjagripi, tröll eða vettlinga,“ segir hann.

Per-Arne Tuftin segir að verslunarmenn í Kaupmannahöfn hafi fundið fyrir þessum áhuga ferðamanna á merkjavöru. Áhugi er á að fjölga enn frekar lúxusverslunum í miðbæ Óslóar sem selja merkjavöru. „Þótt þessar vörur séu dýrar þá fá ferðamenn virðisaukaskattinn til baka þegar þeir fara úr landi. Ferðamenn frá Asíu eyða miklum peningum og kaupa meðal annars klukkur, veski, skartgripi og fatnað. Auk þess sem fólk getur treyst því að þessi varningur er ekta. Það er áhugi á að ferðamenn sem koma með skemmtiferðaskipum eyði meiri tíma í landi til að versla.

Það tók okkur langan tíma að skilja að Noregur getur selt myrkur og kulda. Nú streyma asískir ferðamenn til Norður-Noregs til að skoða norðurljósin,“ segir Per-Arne.

Ferðamönnum hefur fjölgað hingað til lands og óhætt að fullyrða að merkjavöruverslanir hafi notið góðs af því.



**KARL JOHAN** Norðmenn vilja fleiri lúxusverslanir í miðbæ Óslóar til að laða að ferðamenn. MYND/GETTY








**MARMARIS** Horft yfir höfnina í Marmaris.

# HAGSTÆTT AÐ HEIMSÆKJA TYRKLAND

*Þeir sem eiga eftir að ákveða sumarfríið sitt í sumar ættu að horfa til Tyrklands.*

Það hefur verið ódýrt að dvelja í Tyrklandi en það verður enn frekar á næstunni þar sem tyrkneska líran hefur fallið mikið á síðustu dögum. Ástæðan er pólitískur órói í landinu. Þá hafa ferðakannanir sýnt að Tyrkland er meðal hagstæðustu landa til að heimsækja.

Hafa skal í huga að Istanbúl er dýrasti staðurinn þótt verðið þar þyki hagstætt miðað við margar aðrar borgir. Istanbúl stendur í tveimur heimsálfum og þar er margt áhugavert að sjá.

Tyrkland er afar spennandi land en þar er meðal annars hægt að skoða merkilegar fornar rústir. Markaðir eru líflegir og hægt að gera góð kaup með prútti. Fatnaður úr tyrkneskri bómull þykir vandaður og góður.

Á undanförnum árum hafa Tyrkir lagt mikið upp úr því að laða til sín ferðamenn. Glæsileg hótel hafa risið upp við þægilegar strandir. Þar er einnig fjölbreytt úrval veitingahúsa og næturklúbba.

Marmaris, Antalya og Bodrum hafa verið vinsælir staðir hjá Íslendingum en margir aðrir staðir bjóða upp á glæsihótel á góðu verði.

Boðið er upp á skútusiglingar frá mörgum strandbæjum sem margir hafa notfært sér. Þá er hægt að taka ferju, til dæmis frá Marmaris yfir til grísku eyjarinnar Rhodos. Þar sem Tyrkland er utan Evrópusambandsins þarf að framvísa vegabréfi fari menn í skoðunarferð til Grikklands.

Besti tíminn til að fara til Tyrklands er á vorin og haustin en mjög heitt er þar á sumrin.

# Bakaðu þitt eigið hrökkbrauð
## hollt og ljúffengt

# Vilko
-einfaldara getur það ekki verið!

# Hrökkbrauð

Ótrúlega einföld trefjarík þurrefnablanda




## NÝTT FRÁ VILKO

Hreint hrökkbrauð og hrökkbrauð með trönuberjum

— • —

SPELT
HÖRFRÆ
SÓLBLÓMAFRÆ
SESAMFRÆ
HAFRAMJÖL
GRASKERSFRÆ
*TRÖNUBER*

— • —

Vilko hrökkbrauð er mjög einfalt í bakstri og bragðast vel með allskyns ostum og áleggi eða bara eitt og sér sem snakk.

# Vilko
-einfaldara getur það ekki verið!

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Kia Sorento III EX Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. 7 ára ábyrgð. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048



Honda Accord Tourer Lifestyle 7/2013 ek.14þús. Sjálfskiptur. Filmur. Aksturstölva. Tilboðsverð 4.590.000.- Rnr.310601



Toyota Land Cruiser 120 VX 4.0 Vvti 5/2003 ek.214þús. Sjálfskiptur. Allt nýtt í bremsum. Dráttarbeisli. Ásett verð 2.480.000.- Rnr.292086



Toyota Land Cruiser 90 Gx 35" Diesel 6/1999 ek.185þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 1.690.000.- Rnr.286430

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

bilfang.is
S. 567 2000



### GOTT VERÐ DIESEL !

Volvi S60 Momentum Diesel 02/2012, 6 girar, Momentum sportpakki (betri sæti sportfelgur , hljóðkerfi ofl verð aðeins 4.5 mil !!!!!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

bílaplan.is



### ÞETTA ER BESTA VERÐIÐ Á PAJERO DISEL !!

MMC Pajero TDi 3,2 Instyle. árg. 2013, ek. 22 Pkm, Disel, Leður, Dráttarbeysli, ofl ofl. hvergi betra verð !!! tilboðsverð 7.990 þús Rnr.147229 gsm 893-9500



### ALVÖRU DISEL JEPPI

MERCEDES-BENZ GL 420 CDI 4MATIC árgerð 2007, ek. 93 Þkm Disel, Off Road pakki, ný þjónustaður, ný vetrardekk, einn með öllu !! TILBOÐSVERÐ 7.980 þús Rnr.106941 gsm 893-9500



### LÍTIL ÚTBORGUN

TOYOTA COROLLA árgerð 2008, ek. 105 Þkm, 5 gíra, ný skoðaður til 2015, mjög gott útlit, áhvílandi lán 1150 þús, afb. 25 þús tilboðsverð 1.290 þús Rnr.147241 gsm 893-9500



### FRÁBÆR FJÖLSKYLDUBÍLL 4WD

SUBARU FORESTER 4WD árgerð 2009, ek. 123 Þkm, Sjálfskiptur, ný vetrardekk, ný tímareim, áhvílandi lán 2150 þús , afb. 39 Þús, tilboðsverð 2.390 þús Rnr.147239 gsm 893-9500



### SÁ VINSÆLASTI Í DAG

LAND ROVER LR4 HSE DISEL árgerð 2011, ek. 59 Þkm, EINN MEÐ ÖLLU !!! tilboðsverð 10.900 þús Rnr.146757 gsm 893-9500



### FRÁBÆRT EINTAK

BMW 320i STATION árg. 2006, ek. 88 Þkm, Sjálfskiptur, Topplúga, Leður, Panorama þak, ofl ofl. tilboðsverð 2.490 þús Rnr.106930 gsm 893-9500



### ÚTSALA FJÖLSKYLDUBÍLL

CHEVROLETT LASETTI STATION árg. 2011 ek. 61 Þkm. 5 gíra, áhvílandi 1350 þús, tilboðsverð 1390 Þús Rnr 146780 gsm 8939500

bílaplan.is



### SPORT FJÖLSKYLDUBÍLL AWD

VOLVO V70 R AWD árg 2006, ek. 54 Þkm, Sjálfskiptur, Leður, Rafmagnsstýrð tölvufjöðrun, bluetooth, 300 hestöfl 4WD, eins og nýr, algjör Úlfur í Sauðagæru !! Verð 3.990 þús Rnr.147202 gsm 893-9500



### ÞETTA ER BESTA VERÐIÐ Á KIA SPORTAGE DISEL 4WD !!

KIA SPORTAGE 4WD árgerð 2013, ek. 38 Þkm Dísel, Sjálfskiptur ofl. tilboðsverð 4.990 Þús Rnr.146940 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.990661. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2007, ekinn 136 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140046.



CHEVROLET Captiva 7 sæta með leðri. Árgerð 2010, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.990720.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



### KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

GE BÍLAR



VW Passat basic line/sedan. Árgerð 2000, ekinn 171 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Ný tímareim, góður bíll Verð 390.000. Rnr.760383. uppl.í síma 4200400.

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



LAND ROVER RANGE ROVER VOUGE SE Supercharged. Árg 2007, ek 89 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Einn með öllu Verð 7.850þ Rnr.122308.



TOYOTA Land cruiser 150 GX. Árgerð 2013, ekinn 16 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. 7manna Verð 9.950þ Skoðar skipti Rnr.126756.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Vantar allar gerðir bíla og annara tækja á skrá og staðinn**
**www.hofdabilar.is**

TOYOTA
SELFOSSI



SUBARU Legacy sedan tilboð. nýskr 7/2006, ek 154 Þ.KM, sjálfsk. TILBOÐ STGR 1.290.000. Rnr.291919. Bíllinn er á staðnum, krókur o.f.l

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000 / 664 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100 bílar.is



HONDA CRF 150 R. Árgerð 2008, 4 strokka, 23hö, umboðshjól í topp standi, Ásett verð 390.000. Rnr.117979. Er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu 5 gíra VW-Golf árgerð 2002. Ekinn 165 þúsund. Nýleg dekk, sumardekk á felgum fylgja. Verð kr. 490 þúsund. Nánari upplýsingar í síma 660 3160



Til sölu Toyota Avensis 2006, beinskiptur, ekinn 97 þús. Fallegur bíll. Uppl. síma 896 1339



Wv póló árg. 04 fimm dyra vél 1,4 ek. 93þús. Beinssk. krókur, ný tímareim, nýsk. heilsársdekk, topp bíll. Verð 580þús gsm 8682352




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



### TIL SÖLU

Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús



Libra 218 árg. 2000, 1,8 tonn. 2.700 vinnustundir. Verð. 1.6 millj. + vask. Uppl. hh@velafl.is / 575-2400 www. facebook.com/velafl

## Bílar óskast



### STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



AGV og Lazer Hjálmarnir fást hjá VDO í borgartúni. Vespuhjálmar, Crosshjálmar, Lokaðir, Opnanlegir og vélsleðahjálmar. Verið velkomin. VDO Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

## Vespur

Vespa til sölu. price lh 50g h2. árg.2007-2008. k.1252þ. bensín. með kassa og hjálm. verð 80.þ eða tilboð. s.8918847 & 8452353.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
25% vetrarafsláttur af öllum mælingum. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Húsasmiða meistari getur bætt við sig verkefnum, sími:8969819 hermann@parketogsmidar.is

**ÓLI SMIÐUR**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !
Húsgögn og fleira til sölu
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Hafðu samband
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

VIFTUR
Safnast raki á baðherbergið?
VENTS
Tilboð í janúar frá 7990
15 daga skilaréttur
Full endurgreiðsla
Engin inneignarnóta



íshúsið
Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

Þurrktæki
Er raki í gluggunum? Stjórnaðu rakanum og bættu loftið.
Tilboð 39.990 kr.
janúar tilboð



Röraviftukitt
Röraviftur tilbúnar með barka, hlífum og festingum.
Verð frá 11.990 kr.
janúar tilboð



Útsogsblásarar
Útsogsblásarar og þakblásarar. Verð frá 29.900 kr
Margar útfærslur.
janúar tilboð



viftur.is

## fasteignir


HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Dofraberg 11 – Hafnarfjörður** – 6 herbergja



**Opið hús í dag milli kl. 17.30 og 18**

Nýkomin í einkasölu sérlega falleg 181 fm. íbúð á tveimur hæðum, á fyrstu hæð og jarðhæð. Fjögur góð svefnherbergi, tvær stofur. Fallegar innréttingar. Möguleiki að nýta sem tvær íbúðir ef vill. Hús klætt að utan. Góð staðsetning.

**Verð 38.9 millj.**
**Verið velkomin, bjalla merkt: Þorgeir og Erla.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**



Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Óskum eftir eignum fyrir viðskiptavini okkar**

**Einbýlishús eða raðhús í Fossvogi óskast – staðgreiðsla.**
Er með kaupanda að einbýlis eða raðhúsi í Fossvogi. Traustur kaupandi – staðgreiðsla.
Upplýsingar gefur Kjartan Hallgeirsson s. 824-9093

**Sérhæð í vesturborginni óskast – staðgreiðsla**
Höfum kaupanda að 150-200 fm hæð á Högum, Melum, Ægissíðu eða Skjólunum. Staðgreiðsla í boði.
Upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.

**Einbýlishús í vesturborginni óskast – staðgreiðsla**
Höfum kaupanda að 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborg inni. Gjarnan við Ægisíðu eða í Skjólunum og með sjávar útsýni. Staðgreiðsla í boði.
Upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.

**Einbýlishús í Vesturborginni eða Þingholtunum óskast – staðgreiðsla**
Höfum kaupanda að 300-400 fm einbýlishúsi í Þingholtunum eða Vesturborginni. Staðgreiðsla í boði.
Upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.

**Sérhæð í nágrenni Kjarvalsstaða eða landsspítala óskast – staðgreiðsla**
Höfum kaupanda að 130-180 fm sérhæð eða sérbýli í nágrenni Kjarvalsstaða eða Landsspítala. Staðgreiðsla í boði.
Upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík





## Til sölu


KABA
ASSA
Höfuðlyklakerfi fyrir fyrirtæki og húsfélög
Neyðarþjónustan


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## atvinna

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
S. 777 2 333

## tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í SÚÐAVÍKURHREPPI

**Tillaga að breytingu deiliskipulags á Langeyri í Súðavík**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar 2014 að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulags á Langeyri í Súðavík skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst aðallega að skipulagssvæðið er stækkað, gert ráð fyrir nýrri lóð þar sem áður var grænt svæði, bílstæðum fækkað og stækkaður byggingarreitur og byggingar- og skipulagskilmálum breytt.

Tillagan ásamt greinargerð verður til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, Súðavík, virka daga frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 1.febrúar 2014 til og með 17. mars 2014.

Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
**Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 17. mars 2014.**

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillöguna.

Árni Traustason
byggingar-og skipulagsfulltrúi Súðavíkurhrepps

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

2ja herb, 60 fm íbúð til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 899 1670

3 herbergja 85fm íbúð til langtímaleigu, Stigahlíð 105 Rvík, 150.000 á mánuði, GSM 899-2758

## Húsnæði óskast

Fjögurra mann fjölskylda vantar 4-5 herbergja íbúðarhús til leigu á höfuðborgarsvæðinu til 2.ára. Frá og með 1.mars eða apríl. Er með góð meðmæli og til í að borga vel fram í tíman, allt að 6 mán. verðhugmynd 200þ. s.661 2555

Óska eftir stúdíó eða 2 herberja íbúð, helst 1.feb. Er á götunni. 776-2483

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir heimilishjálp í 40-50% starf fyrir hádegi. Tiltekt, þrif, þvottur og frágangur. Hvolpur á heimilinu. Einungis vön manneskja kemur til greina. Vinsamlega sendið uppl. um fyrri störf og reynslu og/eða ferilskrá á bjararun@gmail.com

**BÓKARI**
Fjölhæfur bókari með reynslu óskast í hlutastarf nokkra morgna/daga í mánuði. Þarf að geta unnið sjáfstætt og vera fullfær með DK. Umsóknir sendist á 123bokari@gmail.com

## Atvinna óskast

Tek að mér viðgerðir á húsum,íbúðum og sumarhúsum. Uppl í s:7718013

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**MYNDAKVÖLD-FYRIRLESTUR**
Jón Viðar Sigurðsson segir í máli og myndum frá náttúru og menningu Uummannaq svæðisins og frá hinum fjölmörgu ferðum sínum þangað í Norræna Húsinu fimmtudagskvöld kl. 20. Sjá nánar á www.kalak.is. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. KALAK vinafélag Íslands og Grænlands.

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**STEFNUMÓT? SKYNDIKYNNI**
Auglýstu frítt í síma 535-9923. Símastefnumót Rauða Torgsins Símastefnumót.is

Djarft ísenskt samfélag á netinu, ókeypis eða í áskrift. Frítt vídeóspjall. EroticAria.eu


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



jarðvarmaverkefni í útlöndum í erlendum félögum. Fyrirtæki og sjóðir sem annars hefði verið hægt að fá til samstarfs um verkefni kæri sig ekki um að hætta fé sínu inn fyrir gjaldeyrishöft. Undanþágur séu veittar til árs í senn og því skorti allan fyrirsjáanleika og fjárfestingin verði ótryggari fyrir vikið.

**Vöxturinn þarf að koma frá þekkingariðnaðinum**

Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, heyrir slíkar áhyggjuraddir úr röðum sinna félagsmanna. „Ef við hefðum ekki höft þá væri Ísland trúverðugra og rekstrarskilyrði hér skiljanlegri fyrir erlenda aðila og þeir viljugri til að koma hingað til samstarfs.“ Þetta segist Svana Helen heyra frá forsvarsmönnum fyrirtækja sem leitað hafi slíks samstarfs.

„Kröfur fjárfesta eru mjög oft þær að starfsemin verði byggð upp utan Íslands. Þeir treysta ekki rekstrarumhverfinu hér. Að sjálfsögðu hamlar þetta vexti íslenskra fyrirtækja,“ segir hún. Erfitt sé hins vegar að sýna fram á fórnarkostnaðinn, enda felist hann í tækifærum sem ekki hafi náðst að nýta. „En sá fórnarkostnaður vill algjörlega gleymast, öll töpuðu tækifærin og það sem hefði getað orðið ef allt hefði verið í lagi.“

Svana Helen telur að vænlegasta leiðin til að aflétta höftum sé að taka upp viðræður við Evrópusambandið, en viljaleysi stjórnvalda til að taka á vandamálinu endurspeglist í viðræðuslitum við sambandið. „Ef teknar yrðu upp viðræður við ESB og þá sem við skuldum og lausna leitað í raun, þá væri kannski hægt að finna leiðir og lausnir til að aflétta höftum í áföngum.“

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að sérstök áhersla verði lögð á gjaldeyrishöftin í störfum og umfjöllun ráðsins í ár. Til dæmis sé í undirbúningi fundur þar sem sérstaklega verði horft til áhrifa viðvarandi hafta á starfsemi lífeyrissjóðanna.

„Ég held að menn séu sammála um að verið sé að byggja upp óþarflega mikla þolinmæði gagnvart höftunum,“ segir Frosti. Höftin snerti ekki hinn almenna borgara með nægilega beinum hætti til að almennur þrýstingur verði til á afnám haftanna. „Og á sama tíma er umræðan oft á tíðum dálítið almenn og fræðileg, sem leiðir til þess að menn átta sig ekki nógu vel á raunverulegri skaðsemi haftanna og í hversu ríkum mæli þau vega að framtíðarlífskjörum á Íslandi.“

Skaðsemi haftanna segir Frosti hægt að útlista á tiltölulega einfaldan máta. „Hagkerfið vex nokkurn veginn í samhengi við útflutning. Hann er forsenda þess að hagkerfið vaxi á sjálfbæran máta,“ segir hann. Landið búi vissulega að öflugum útflutningsgreinum, en til þess að ekki sé gengið of harkalega á náttúruauðlindir landsins þá sé þeim vexti takmörk sett. „Og í því samhengi hlýtur vöxturinn í útflutningi í auknum mæli að þurfa að koma frá þekkingariðnaði og þeim fyrirtækjum sem ekki byggja með beinum hætti á auðlindum.“

Um leið bendir Frosti á að fyrirtækin sem standa eiga undir aukningu útflutnings séu þau sem fyrir mestum skaða verði vegna haftanna. „Og ég leyfi mér að fullyrða að ef höftin verða hér áfram eftir tíu ár eða tuttugu þá verður starfsemi þessara fyrirtækja í algjöru lágmarki hér á Íslandi.“

Staðan er að mestu óbreytt frá árslokum 2011 þegar Viðskiptaráð gaf út skýrslu um gjaldeyrishöft:

# Nokkur orð um skaðsemi hafta

Undir lok árs 2011 gaf Viðskiptaráð Íslands út skýrslu um kostnað og efnahagsleg áhrif við gjaldeyrishöft. Ráðið varaði á þeim tíma við ákveðnu andvaraleysi sem virtist ríkja gagnvart höftunum og taldi umræðu um þau og skaðsemi þeirra ekki rista nægilega djúpt. Nú, að rúmum tveimur árum liðnum, er staða mála að mestu óbreytt.

Í formála skýrslunnar er bent á áhrif á almenning, hvernig framvísa þurfi farseðlum til að fá takmarkaðan ferðagjaldeyri og hvernig fylgst sé með erlendum kreditkortafærslum fólks og fyrirtækja. Þá er bent á að auk beinna áhrifa á fólk og fyrirtæki hafi höft önnur víðtæk áhrif á framgang hagkerfisins.



**UNDANÞÁGUBEIÐNIR FRÁ HÖFTUM 2009-2012**

| Ár | Fjöldi | Samþykkt | Hafnað að hluta | Leiðbeint, afturkallað | Óafgreitt |
|---|---|---|---|---|---|
| 2009 | 390 | 127 | 27 | 94 | 88 |
| 2010 | 762 | 431 | 431 | 83 | 42 |
| 2011 | 971 | 688 | 135 | 123 | 25 |
| 2012 | 973 | 557 | 54 | 100 | 262 |
| Alls | 3.096 | 1803 | 647 | 400 | 417 |

*Heimild: Seðlabanki Íslands*

**ÞAR ERU HÖFTIN SÖGÐ**

- **Draga úr fýsileika Íslands** sem fjárfestingarkosts fyrir erlenda aðila
- **Gera fjármálafyrirtækjum erfitt fyrir** að þjónusta innlend fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi
- **Draga úr aðhaldi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja** og einstaklinga, þ.e. að ferlið gangi sem hraðast fyrir sig
- **Takmarka verulega virkni hlutabréfamarkaðar**
- **Hvetja innlend fyrirtæki og frumkvöðla til vaxtar erlendis** og letja til aukinna umsvifa hérlendis
- **Skapa hvata til að sniðganga hagkerfið** þegar kemur að nýju fjármagni og draga þar með m.a. úr skattheimtu ríkissjóðs
- **Veita Seðlabankanum færi á að hafa áhrif á umsvif fyrirtækja** og heimildir til söfnunar viðamikilla persónuupplýsinga
- **Skapa hættu á eignabólu** vegna takmarkaðra fjárfestingakosta sem af höftunum leiðir, en þær takmarkanir draga jafnframt úr eðlilegri áhættudreifingu t.a.m. lífeyrissjóðanna
- **Valda almennri tortryggni í garð Seðlabankans** vegna framkvæmdar haftanna
- **Hafa neikvæð áhrif á lánshæfismat íslenska ríkisins**
- **Skerða samkeppnishæfni Íslands** samanborið við helstu samanburðarlönd
- **Veita stjórnvöldum rými til viðamikillar skattlagningar** sem annars hefði ekki verið möguleg
- **Skapa ákveðinn iðnað** sem byggir alfarið á tilvist haftanna, er ekki sjálfbær til lengri tíma og í felst sóun á kröftum íslenskra fjölskyldna og fyrirtækja.

„Það er því engum vafa undirorpið að höftin skerða almennt viðskiptafrelsi, sem hefur verið eitt af leiðarljósum Viðskiptaráðs í 95 ár og valda heimilum, atvinnulífi og hagkerfi búsifjum,“ segir í ríflega tveggja ára gamalli skýrslu Viðskiptaráðs.

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

# Krónan var tilraun sem mistókst

„Þetta er tilraun sem mistókst og ég hef enga trú á henni,“ segir Birgir Tjörvi Pétursson, lögmaður og framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, í nýjasta þætti Klinksins um íslensku krónuna sem hann telur að sé ekki heppilegur gjaldmiðill fyrir Ísland til framtíðar. Í þættinum fer Birgir annars vegar yfir nauðasamninga föllnu bankanna, Kaupþings og Glitnis og álitaefni tengd þeim og hins vegar um gjaldmiðils- og peningamál.

„Ég held að við þurfum að hugsa af alvöru um þennan kerfisgalla í samfélagi okkar (krónuna) sem gerir það að verkum að nú eru mínir líkar með höfuðið á bólakafi í lögum um gjaldeyrismál sem eru mjög flókin og mjög erfitt er að vinna með frá degi til dags,“ segir Birgir. Hann telur aðild að Evrópusambandinu og evrópska myntbandalaginu (EMU) ekki vera heppilega lausn. Einhliða upptöku evru er hafnað í skýrslu Seðlabankans um gjaldmiðils- og peningamál en hann telur að þessi valkostur hafi ekki verið ræddur til hlítar og fer yfir aðra valkosti í þættinum.


klinkið



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is


Viðtalið við Birgir Tjörva Pétursson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**



**Um nauðasamninga Glitnis og Kaupþings**

„Lögfræðilega staðan er sú að frumkvæði þarf að koma frá slitastjórnum um hvernig þarf að leysa þetta þannig að Seðlabankinn verði sáttur.“

**Gætum misst af tækifærum**

„Við getum auðvitað alveg búið við einhverja tegund af gjaldeyrishöftum án þess að Ísland leggist í eyði en tækifærin sem við höfum í framtíðinni gætu farið framhjá okkur.“

**Getum ekki haft höftin endalaust**

„Að mínu mati höfum við ekki endalausan tíma. Það batnar ekkert ástandið í samfélaginu í höftum.“

**Seðlabankinn þarf að hafa samráð, lögum samkvæmt**

„Þetta er að mjög miklu leyti pólitísk ákvörðun (á endanum) að hleypa nauðasamningum í gegn.“

**„VIÐ SJÁUM Í SAMFÉLAGINU MIKIL ÁTÖK UM VERÐTRYGGINGU. ÞAÐ KRAUMAR UNDIR NIÐRI ÓÁNÆGJA Á VINNUMARKAÐI. VIÐ SJÁUM ÞAÐ Í SAMFÉLAGINU HVERSU MIKLU MÁLI ÞAÐ SKIPTIR HVER STAÐA GJALDMIÐILSINS ER. ÉG Á EKKI GOTT MEÐ AÐ SJÁ HVERNIG VIÐ ÆTLUM AÐ VIÐHALDA FRJÁLSU OG OPNU SAMFÉLAGI MEÐ ÞENNAN ÞJÓÐARGJALDMIÐIL. ÉG HEF BARA EKKI SÉÐ RÖKIN.“**

# Brenna sig á einföldu atriði í viðtali

***Ferilskráin sjálf segir takmarkaða sögu. Segja verður söguna á bak við hana í atvinnuviðtali til að koma sér almennilega á framfæri, segir Erik Christianson Chaillot, ráðgjafi á ráðningasviði Capacent. Góður undirbúningur eykur líkur á sjálfsöryggi og vellíðan í atvinnuviðtali og ekki sakar að kynna sér umrætt fyrirtæki.***

**VIÐTAL**
**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
ibs@frettabladid.is

„Það er alltaf jafnleiðinlegt þegar reynslumiklir og hæfir atvinnuleitendur brenna sig á jafneinföldu atriði og að geta ekki sagt frá eigin reynslu og verkefnum á skýran og greinargóðan hátt. Þetta bitnar á framsögunni og í starfi mínu við ráðningar hef ég séð þetta koma of oft fyrir,“ segir Erik Christianson Chaillot, ráðgjafi á ráðningasviði Capacent.

Hann segir að skiljanlega geti oft verið erfitt að rifja upp atriði langt aftur í tímann en einmitt þess vegna sé undirbúningurinn mikilvægur.

„Gera má ráð fyrir að sá sem tekur viðtalið hafi skoðað gögn atvinnuleitandans. Ferilskráin segir samt sem áður takmarkaða sögu. Merking starfstitils fer eftir því við hvað atvinnuleitandinn hefur starfað. Til þess að koma sér almennilega á framfæri verða menn að kunna ferilskrána sína utan að og geta sagt söguna á bak við hana.“

Erik segir það algjört lykilatriði í atvinnuviðtali að nefna hvaða verkefnum hafi verið unnið að og hvar, hvert umfang verkefnanna hafi verið, hvaða breytingar hafi orðið vegna frumkvæðis viðkomandi, hvaða áskorunum hann hafi staðið frammi fyrir og hvernig hann hafi tekist á við þær. „Slíkar upplýsingar eru líklegar til að vekja athygli viðmælandans, ekki síst ef reynslan tengist þeirri ábyrgð og verkefnum sem mögulegt framtíðarstarf felur í sér. Það er ekki nóg að segja ég var bara í alls konar verkefnum eða sem stjórnandi kom ég eiginlega að öllu.“

Algengt er að atvinnuleitendur séu taugaóstyrkir fyrir atvinnuviðtal, að því er Erik greinir frá. „Góður undirbúningur eykur líkurnar á sjálfsöryggi og vellíðan í atvinnuviðtali. Hann minnkar einnig líkur á því að viðkomandi fái óvæntar spurningar.“

Að kynna sér fyrirtækið sem sótt er um starf hjá og starfið sjálft er einnig mikilvægt. „Það er gott að semja spurningar fyrir fram til að sýna áhuga og undirbúa svör við algengum spurningum, t.d. um eigin styrkleika og veikleika. Þar að auki er vert að benda á nauðsyn þess að vera snyrtilega klæddur,“ tekur Erik fram.


**ERIK CHRISTIANSON CHAILLOT** Ráðgjafinn segir það algjört lykilatriði í atvinnuviðtali að segja frá eigin reynslu og verkefnum á skýran og greinargóðan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tóku kaffið með sér frá Gautaborg

***Sigmundur Dýrfjörð og Berglind Guðbrandsdóttir hafa rekið Te og Kaffi í þrjátíu ár. Hugmyndin að stofnun fyrirtækisins er sprottin úr reynslu þeirra af því að búa í Svíþjóð. Þau flytja nú inn kaffi frá hátt í þrjátíu löndum.***

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson - haraldur@frettabladid.is**

Hjónin Sigmundur Dýrfjörð og Berglind Guðbrandsdóttir hafa rekið fyrirtækið Te og Kaffi frá árinu 1984. Þau opnuðu fyrstu verslunina í apríl það ár og nú þremur áratugum síðar hafa þau opnað sitt tíunda kaffihús.

„Áhuginn kviknaði þegar við versluðum í litlum te- og kaffibúðum í Gautaborg þar sem við bjuggum í kringum 1980. Þegar við komum heim þá var sú kaffimenning sem við kynntumst í Svíþjóð ekki til staðar hér á landi og við ákváðum því að opna verslun á Barónsstíg 18. Tveimur árum síðar opnuðum við síðan okkar fyrsta kaffihús,“ segir Sigmundur, spurður um hvernig það kom til að hann og Berglind ákváðu að hefja innflutning á kaffi.

Fyrirtæki þeirra er nú með um 130 starfsmenn í vinnu og þau kaupa kaffi frá hátt í þrjátíu löndum í þremur heimsálfum. Höfuðstöðvar Tes og Kaffis eru í Hafnarfirði þar sem hjónin hófu undirbúning að kaffiframleiðslu árið 1987.

„Við sóttumst strax eftir sérstökum tegundum af kaffi því hver tegund hefur sitt einkenni eftir því hvar hún vex í heiminum. Og við ristum og blöndum saman ákveðnum tegundum og þannig byggjum við upp kaffiblöndur út frá náttúrulegum sérkennum hverrar tegundar. Við vorum því töluvert á undan þessari kaffibyltingu og þegar við byrjuðum 1984 var ekki kaffihús á hverju horni eins og er í dag og espresso-vélar á hverju strái. En í dag fer maður ekki inn á veitingahús eða kaffihús þar sem ekki finnst espresso-vél.“

Sigmundur og Berglind ferðast og ganga mikið í frístundum sínum.

„Við höfum einnig gaman af útivist og eldamennsku og við í fjölskyldunni förum mikið í Borgarfjörðinn þar sem við eigum sumarbústað.“


**FRUMKVÖÐLAR** Sigmundur og Berglind létu drauminn um að stofna fyrirtækið rætast í upphafi ársins 1984. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

## ERU AF GAMLA SKÓLANUM


„Ég þykist vita að þegar fyrirtækið var stofnað var engin skotheld viðskiptaáætlun eða Excel-útreikningar sem lágu þar til grundvallar. Þau Berglind og Sigmundur hafa farið öll þessi ár á tilfinningunum og ástríða og umhyggja hafa stýrt þeirra verkum og það sýnir sig í öllu starfi fyrirtækisins. Þau eru stundum skemmtilega ósammála og algjörlega á öndverðum meiði, til dæmis varðandi ýmsa þætti sem tengjast rekstrinum, og þá er hægt að taka rökræður við þau um alla skapaði hluti án þess að það lendi nokkurn tímann í einhverjum leiðindum.“

**Guðmundur Halldórsson,** framkvæmdastjóri hjá Te og Kaffi.


„Ég var fyrsti starfsmaðurinn hjá Berglindi og Simma, sumarið 1984, þegar þau opnuðu á Barónsstígnum. Í þessari litlu búð var loksins hægt að fá gott kaffi og te á Íslandi. Þeim finnst svo gaman í vinnunni að þó ég reyni að segja þeim að leika sér fyrir gróðann þá setja þau hann beint í fyrirtækið og halda áfram að byggja upp. Þau eru af gamla skólanum, dugleg og heiðarleg í viðskiptum.“

**Guðrún Birna Eiríksdóttir,** vinkona



COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR • BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT • MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR • STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA**

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI

BÆTUM STÖÐUGT VIÐ NÝJUM ÚTSÖLUVÖRUM!

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI

NÁNAR UM ALLAR WWW.TL.IS ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is

TÖLVU LISTINN




OPIÐ 10-18

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| USD | 114,9 | GBP | 190,15 | DKK | 21 | EUR | 156,71 |
| NOK | 18,686 | SEK | 17,81 | CHF | 127,7 | JPY | 1,11 |

## Hin hliðin



VALA VALTÝSDÓTTIR SVIÐSSTJÓRI SKATTA- OG LÖGFRÆÐISVIÐS DELOITTE

# „Sektuð vegna gjafar frá frænku"

Nei ekki er þetta alveg rétt en gæti verið það.

Það eru nefnilega í gildi lög um gjaldeyrishöft á Íslandi (lög nr. 87/1992 með breytingum sbr. lög nr. 127/2011). Í hugum fólks eru þessi sérstöku lagaákvæði sem kveða á um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum á milli landa tengd við fjárfestingar og viðskipti. En svo er ekki eingöngu og hafa að minnsta kosti þeir sem hafa ferðast til útlanda undanfarin ár áttað sig á því að kaup á gjaldeyri eru takmörk sett. En höftin eru víðar og ná til fleiri tilvika.

### Höft gagnvart viðskiptum

Svo öllu sé haldið til haga þá giltu um gjaldeyrishöft til að byrja með reglur sem settar voru 28. nóvember 2008. En almennt má segja, hvað varðar viðskipti milli landa, að fyrir utan kaup á þjónustu og vöru erlendis frá sé ekki hægt að fá gjaldeyrisyfirfærslu. Þannig er óheimilt að fjárfesta í erlendum fyrirtækjum, taka lán erlendis nema sérstök skilyrði séu uppfyllt eða kaupa fasteignir erlendis án þess að flytjast búferlum, svo eitthvað sé nefnt. Þannig er í raun íslenskum fyrirtækjum meinað að fara í landvinninga erlendis. Hins vegar er erlendum aðilum almennt heimilt að fjárfesta á Íslandi. Einnig skal tekið fram að greiðslum erlendis frá vegna sölu á vöru eða þjónustu ber að skila til Íslands innan þriggja vikna frá því greiðslan fór fram.

### Höft gagnvart einstaklingum

Svo vitnað sé til yfirskriftar þessa pistils þá eru meira að segja höft á gjöfum milli landa. Til dæmis getur Íslendingur ekki móttekið peningagjöf í erlendum gjaldeyri nema eiga hann á bankareikningi á Íslandi. Þannig er óheimilt að taka við gjöf í formi reiðufjár eða inneignar á erlendum bankareikningi, nema þá að skila fjármununum heim til Íslands innan þriggja vikna frá því að gjöfin komst í umráð viðkomandi. Auk þessa er t.d. óheimilt að taka við gjöf sem er í formi eignarhlutar í erlendu fyrirtæki eða fasteign.

### Skilaskylda á gjaldeyri

Eins og fram hefur komið ber að skila öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, á innlánsreikning í eigu þess innlenda aðila hjá fjármálafyrirtæki hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyriirnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

### Er hægt að sekta vegna gjafar frá frænku?

Já, ef gjöfin er móttekin með óheimilum hætti þá er heimilt að sekta og í raun geta brot á umræddum reglum varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 65 millj. kr. og frá 50 þús. kr. til 250 millj. kr. ef um lögaðila er að ræða.

Umfjöllun þessi er langt í frá tæmandi og undantekningar frá umræddum reglum eru flóknar og margvíslegar.




**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2013-12-Q-1

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe

SAFT

# VILD

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ!

## Vildaráskrifendur fá stórlækkað verð á þessum hágæða Samsung sjónvarpstækjum




### Samsung Sjónvarp 46" LED

- 46 tommur
- LED
- Clear Motion Rate: 100 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD

SPARAÐU 45.000 KR!

199.900 kr.

Vildarverð

**154.900 kr.**



### Samsung Sjónvarp 46" LED 3D

- 46 tommur
- LED 3D Smart TV
- Clear Motion Rate: 1000 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p Full HD
- Baklýsing
- Hreyfiskynjari

SPARAÐU 150.000 KR!

499.900 kr.

Vildarverð

**349.900 kr.**

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is




Vildaráskrifendur spöruðu yfir **7 milljónir** kr. í desember en það jafngildir tæplega 1.000 mánaðaráskriftum að Skemmtipakkanum!

**Hægt er að ganga frá kaupum í Samsung Setrinu Síðumúla 9 og hjá 365 í Skaftahlíð 24**



KL.20:25
**Kolla**
Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegum nótum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:05
**2 Broke Girls**
Gamanþáttur um Max og Caroline sem taka höndum saman og láta sameiginlegan draum rætast.



KL. 20:50
**The Face**
Skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



KL. 21:35
**Lærkevej**
Skemmtileg dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 19:45
**Baby Daddy**
Nýir gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



3 | KL. 21:30
**Sleepy Hollow**
Æsispennandi þættir um mann sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 8 | 4 | 5 | 9 | | | |
| 4 | | | | | 1 | | 9 | 3 |
| | 6 | | 2 | | | | | 5 |
| 1 | | | 3 | | | 4 | | 8 |
| | | | 9 | | | 7 | | 6 |
| 8 | | 5 | 1 | | | 2 | | |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 2 | | | | |
| | | | 8 | | 3 | | 6 | |
| | | | | | | | | 7 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | 7 | | | | 5 |
| 4 | | 1 | | | | | | 2 |
| 8 | 5 | | | | 2 | | 3 | |
| | | | | | 5 | 9 | | 8 |
| | 2 | | | 6 | 9 | | 4 | |
| 1 | 6 | | | 4 | 3 | | | |
| | 4 | | | 8 | 1 | 3 | 7 | |
| | | 7 | | | | 5 | | 9 |
| | | | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 1 | | | | | | |
| | | 3 | | 9 | 2 | | | |
| | 5 | | 6 | | 7 | | 4 | |
| 1 | | | | | | | 9 | 8 |
| | | 8 | | | 6 | | 2 | |
| | 6 | | | | | | | |
| 7 | | | 8 | | 9 | 4 | | 2 |
| 8 | | | 1 | | | 5 | | |
| | | | | 7 | 5 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 9 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 |
| 8 | 6 | 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 5 | 2 | 3 |
| 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 3 | 8 | 9 | 1 |
| 2 | 3 | 9 | 1 | 5 | 8 | 7 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 9 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 1 |
| 2 | 4 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 4 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 2 | 4 | 3 | 6 | 1 | 8 |
| 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 9 | 6 | 4 | 3 | 2 | 8 | 5 | 1 |
| 5 | 3 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 2 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Stundum er ég tvær manneskjur. Johnny er sú góða. Cash veldur öllum vandræðunum. Þær rífast.“

*Johnny Cash*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT 2.** hagga, **6.** hæð, **8.** meðal, **9.** viðmót, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** í röð, **17.** viður, **18.** skelfing, **20.** klaki, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT 1.** hæfileika, **3.** þófi, **4.** sumbl, **5.** styrkur, **7.** sammála, **10.** arinn, **13.** sigað, **15.** andaðist, **16.** nam burt, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bifa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** tu, **17.** tré, **18.** ógn, **20.** ís, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** tók, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jón Trausti Harðarson (2.003) hefur teflt vel á Skákþingi Reykjavíkur. Í sjöundu umferð vann hann góðan sigur á Sigurbirni Björnssyni .(2375)**

**Hvítur á leik:**



**43. Hxf8+!** Svartur gafst upp þar sem hann er mát eftir 43. ... Kxf8 44. De8#. Áttunda og næstsíðasta umferð Skákþingsins fer fram í kvöld kl. 19.30. Þá mætast m.a. Davíð Kjartansson og Einar Hjalti Jensson. **www.skak.is** Nýtt fréttabréf SÍ.



MAX ÚTSALA
ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á LÁGMAX VERÐI
Mikill afsláttur af kæliskápum
Þvottavélar Verð frá 69.989
32" sjónvörp Verð frá 59.989
39" sjónvörp Verð frá 79.989
Fartölvur á frábærum verðum
Heimabíókerfi með miklum afslætti
Myndavélar 15% afsl.
Heyrnartól 30% afsl.
Myndarammar 30% afsl.
Tökuvélar 15% afsl.
Vöfflujárn 20% afsl.
Sjálfvirkar kaffivélar 15% afsl.
DVD þættir 50% afsl.
Sjónaukar 20% afsl.
Fartölvutöskur 35% afsl.
Hárblásarar 30% afsl.
Ryksugur 15% afsl.
DVD, Tónlist og Blu-ray 20% afsl.
Saumavélar 20% afsl.
Samlokugrill 25% afsl.
Sléttu- og krullujárn 30% afsl.
Síðustu eintök og útlitsgölluð tæki með miklum afslætti
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX RAFTÆKI

# Leiksýning eða ljóðakvöld?

LEIKLIST ★★★☆☆

**Gullna hliðið**

eftir Davíð Stefánsson hjá Leikfélagi Akureyrar

**LEIKSTJÓRI:** EGILL HEIÐAR ANTON PÁLSSON **LEIKARAR**: AÐALBJÖRG ÞÓRA ÁRNADÓTTIR, HANNES ÓLI ÁGÚSTSSON, HILMIR JENSSON, MARÍA PÁLSDÓTTIR O.FL. **LEIKMYND OG LÝSING:** EGILL INGIBERGSSON **BÚNINGAR:** HELGA MJÖLL ODDSDÓTTIR **TÓNLISTARFLUTNINGUR OG ÚTSETNINGAR:** HLJÓMSVEITIN EVA

Frumsýning Gullna hliðsins í Iðnó árið 1941 var merkur áfangi í sögu íslenskrar leiklistar. Leikurinn hitti beint í mark í þjóðarhjartanu, sem var ekki síst að þakka aðalleikendum; túlkun þeirra var þróttmikil, blæbrigðarík og fyndin, á einhvern hátt í svo réttum takti við það sérkennilega samband barnsleika og elskulegrar íróníu sem verkið einkennist af. Góðu heilli var þessi leikur hljóðritaður og hefur glatt mann æ síðan; kannski er upptakan jafnvel þegar komin á vef Útvarpsins þar sem sitthvað gott er að finna.

Fimmtíu ár eru senn liðin frá andláti skáldsins frá Fagraskógi og Leikfélag Akureyrar minnist þess með uppfærslu Gullna hliðsins. Sviðsetningin er að vonum langt frá öllum natúralisma og gamalli hefð. Baðstofugólfið í litla kotinu lyftist til dæmis upp í öðrum þætti og rís uns það er komið í níutíu gráðu horn við sviðsgólfið; þannig myndar það klettaþilið sem Kerling þarf að klöngrast upp á leið sinni til himna. Með hjálp lýsingar og varpmynda er þetta vel af hendi leyst. Sjálft Gullna hliðið er ekki annað en stafnglugginn á baðstofunni, því að þessi himnaferð er einungis draumur gömlu konunnar við dánarbeð hins miður geðfellda bónda síns; sá er augljóslega skilningur leikstjórans og fylgt skýrt eftir með leikslokunum sem eru hér með talsvert öðrum brag en í texta skáldsins. Þar fagna María mey og englakórar hinum sáluhólpna rustíkusi með fögrum gleðisöng; hér lýkur leiknum á því að lokið er neglt á kistu hans með þungum hamarshöggum – og kerla rís upp og tæmir skjóðuna út um gluggann. Ætli þetta eigi að vera einhver existentíalismus hjá leikstjóranum?

Hvað sem líður öllum „lestri“ hans, eða sýn á verkið, þá er það frammistaða leikenda sem sköpum skiptir. Og hún er æði misleit. Leikfélag Akureyrar ræður ekki yfir þeim fjölmenna leikflokki sem leikurinn kallar á, en leikstjórann munar ekki um að stytta hann og laga eftir aðstæðum; fjórir leikarar bera sýninguna uppi ásamt tveggja manna hljómsveitinni Evu sem er alltaf öðru hverju að flytja valin brot úr ljóðum Davíðs, auk þess sem snotur telpnakór kemur við sögu eftir hlé. María Pálsdóttir og Hannes Óli Ágústsson leika Kerlinguna og Jón bónda, Aðalbjörg Árnadóttir og Hilmir Jensson skipta hinum hlutverkunum á milli sín.

Val leikenda og ekki síður nýting vekur spurningar; þetta er ungur hópur og, hvað sem öðru líður, óharðnaður. María er auðvitað alltof ung í hlutverk Kerlingar; hún forðast að sönnu alla ýkta takta sem er út af fyrir sig ágætt, en fyrir bragðið verður túlkunin of slétt og felld, litlaus og sviplítil. María er fim í klifrinu, en skortir raddstyrk og sviðsstærð til að fylla húsið; það var á mörkunum ég gæti notið leiks hennar þar sem ég sat á næstaftasta bekk. Hannes Óli er hressilegur Jón bóndi og þarf lítið að hafa fyrir því; í góðum holdum þrátt fyrir allan skortinn sem þau hjón hafa liðið, en vel hægt að skilja að kona leggi margt á sig fyrir slíkan bangsímon. Aðalbjörg fær flest kvenhlutverkin í sinn hlut auk Lykla-Péturs; hún var blátt áfram afleit sem Vilborg grasakona (gat leikstjórinn virkilega ekki hamið hana?) en síðar batnaði hún; var fín sem gamla vinkonan í himnasælunni og líka svolítið spaugilegur Lykla-Pétur. Hilmir var ekkert sérlega demónskur sem Skrattinn; sumir þrjótarnir, á leið niður til Helvítis, tókust betur.

Þetta er áferðarsnotur sýning og alltaf notalegt að hlýða á ljóð Davíðs vel flutt við gömul lög og ný. En heildarmyndin verður of sundurleit; blæþýð og angurvær rómantík ljóðanna í flutningi Evu orkar truflandi og stingur óþægilega í stúf við forneskju leiksins, undirliggjandi alvöru hans og ísmeygilegan húmor. Hvað kann að hafa vakað fyrir leikstjóra með þessum uppbrotum, veit ég ekki – nema hann hafi ekki treyst leiknum til að standa á eigin fótum? Davíð var maður tveggja heima, ef ekki fleiri – og sannarlega ekki á allra færi að tengja þá.

**Jón Viðar Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ásjáleg og vel unnin sýning sem nær, þegar upp er staðið, að skila of litlu af töfrum verksins, barnsleika, dulmögnun og þrá eftir endurlausn. Og hljómsveitin Eva virtist nánast hafa villst inn í sýninguna af kvöldskemmtun á Græna hattinum með rómantísk ástarkvæði Davíðs.



**GULLNA HLIÐIÐ** María Pálsdóttir og Hannes Óli Ágústsson leika Kerlinguna og Jón bónda.

**visir.is**
Fyllri útgáfu af dómnum má lesa á www.visir.is/lífið/gagnrýni




CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

Öflug en sparneytin dísilvél fyrir hagkvæman rekstur. Frábær vinnuaðstaða með 180° opnun á afturhurðum, gíraffalúgu, rennihurð, lækkaðri hleðsluhæð, hárri sætisstöðu og fjölda geymsluhólfa. Rúmar tvo farþega ásamt ökumanni.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

